



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
RÍKISBÓKHALD

Ríkisreikningur fyrir árið 2000

Heildaryfirlit

Á g ú s t 2 0 0 1

Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

Stytting fjárhæða.

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru styttaðar vélrænt. Heildarsamtölur eru styttaðar sérstaklega.

ISBN 9979-890-12-6

Útlit: Grafísk hönnun ehf.

Umbrot og prentvinnsla: Steindórsprent-Gutenberg

EFNISYFIRLIT

Inngangsorð fjármálaráðherra.....	5
Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2000	7
Áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara	17
Áritun ríkisendurskoðanda.....	19
Yfirlitsreikningur A-hluta ríkissjóðs.....	21
Rekstrarreikningur.....	22
Efnahagsreikningur	23
Sjóðsstreymi	24
Skýringar með reikningi A-hluta ríkissjóðs	25
1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila	27
2. Tekjujöfnuður og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs	30
3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs.....	31
4. Skattar á tekjur einstaklinga	33
5. Skattar á tekjur lögaðila.....	34
6. Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar	35
7. Tryggingagjöld	36
8. Eignarskattar.....	37
9. Virðisaukaskattur	38
10. Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar	39
11. Aðrir skattar á vöru og þjónustu.....	40
12. Skattar ótaldir annars staðar	41
13. Arðgreiðslur.....	41
14. Vextir og aðrar eignatekjur.....	42
15. Neyslu- og leyfisgjöld	42
16. Sektir.....	43
17. Sala eigna	43
18. Fjárframlög.....	44
19. Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....	44
20. Gjöld A-hluta ríkissjóðs.....	45
21. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins.....	49
22. Gjöld forsætisráðuneytis.....	50
23. Gjöld menntamálaráðuneytis	52
24. Gjöld utanríkisráðuneytis	54
25. Gjöld landbúnaðarráðuneytis.....	55
26. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis.....	57
27. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis.....	58

28. Gjöld félagsmálaráðuneytis	60
29. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.....	61
30. Gjöld fjármálaráðuneytis	65
31. Gjöld samgönguráðuneytis.....	69
32. Gjöld iðnaðarráðuneytis.....	70
33. Gjöld viðskiptaráðuneytis	72
34. Gjöld Hagstofu Íslands	73
35. Gjöld umhverfisráðuneytis	74
36. Fjármagnskostnaður	75
37. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum	77
38. Erlent stofnfé.....	80
39. Veitt löng lán	80
40. Vöru- og efnisbirgðir	81
41. Óinnheimtar ríkistekjur	82
42. Skammtímakröfur, aðrar	82
43. Handbært fé, nettó	83
44. Höfuðstóll.....	84
45. Lífeyrisskuldbindingar	86
46. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir.....	87
47. Tekin löng lán.....	87
48. Krafa á ríkistekjur	89
49. Ógreidd gjöld (án vaxta)	89
50. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir.....	90
51. Tekin stutt lán.....	90
52. Aðrar skammtímaskuldir.....	91
Séryfirlit.....	93
1. Tekjur ríkissjóðs – sundurliðun.....	95
2. Gjöld ráðuneyta og stofnana	100
3. Eignaskrá ríkisins yfir varanlega rekstrarfjármuni	111
Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs	113
Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs.....	115
B-hluti. Ríkisfyrirtæki 2000.....	116
C-hluti. Lánastofnanir ríkisins 2000	117
D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins 2000	118
E-hluti. Hlutafélög og sameignarfélög að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs 2000	119

Inngangsorð fjármálaráðherra

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings ríkissjóðs fyrir árið 2000 sýna halla að fjárhæð 4,3 milljarða króna, en hinsvegar skilar ríkissjóður 9,5 milljarða króna lánsfjárafgangi á árinu auk þess sem ráðstafað var 8,8 milljörðum króna til lækkunar skuldbindinga ríkissjóðs hjá LSR. Afkoman er lakari en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, þar sem rekstrarafgangur var áætlaður 16,7 milljarðar króna. Skýring á þessu fráviki felst alfarið í bókfærslu óreglulegra liða, sem hafa áhrif á rekstrarafkomu ársins, en án þeirra hefði rekstrarafgangur verið rúmum 22 milljarðar króna.

Meðal óreglulegra liða vegur þyngst 17 milljarða króna gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga umfram áætlanir, einkum vegna kjarasamninga grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Með gerð þessara samninga er að ljúka ferli svokallaðra aðlögunarsamninga þar sem hluti dagvinnulauna í heildarlaunum er aukinn. Slík tilfærsla hefur hins vegar áhrif til hækkunar á áunnum lífeyrisréttindum þessara starfsmanna og þar með á skuldbindingar ríkissjóðs. Auk þess vega afskriftir skattkrafna tæplega 7 milljörðum króna umfram áætlun. Nýr hugbúnaður í tekjukerfum ríkissjóðs hefur gefið mun betri yfirsýn yfir útistandandi tekjur og betri grundvöll til að leggja mat á þær. Gagnrýnin endurskoðun á uppfærðum kröfum leiddi í ljós að þær hafa verið ofmetnar í reikningum fyrri ára og var ákveðið að stíga stórt skref í að endurmeta þessar kröfur nú en þessu verkefni verður fram haldið á þessu ári.

Afkoma ríkissjóðs á rekstrargrunni árið 2000 var lakari en árið áður en þá nam rekstrarhagnaður 23 milljörðum króna. Til viðbótar því sem nefnt er hér að framan skýrist lakari afkoma ársins 2000 af sveiflum í sölu ríkiseigna. Á árinu 1999 nam söluhagnaður 11 milljörðum króna, en hann var óverulegur árið 2000. Sé hins vegar litið til sjóðstreymisins, þ.e. hvað rekstur ársins skilar af handbæru fé, þá er það svipað hvort árið eða um 17 milljarðar króna.

Ríkissjóður skilar lánsfjárafgangi á árinu 2000 fjórða árið í röð, en í því felst svigrúm hans til að greiða niður skuldir eða bæta stöðu sína að öðru leyti. Lánsfjárafgangur nam 9,5 milljörðum króna á árinu og nemur uppsafnaður afgangur síðastliðinna fjögurra ára 48 milljörðum króna sem að stærstum hluta hefur verið varið til að greiða niður innlendar skuldir ríkissjóðs. Þá hefur ríkissjóður auk þess greitt tæpa 17 milljarða króna til lækkunar á skuldbindingum sínum hjá LSR.

Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að bæta skilvirkni í opinberum rekstri. Við það starf hefur verið beitt ólíkum aðferðum en sammerkt þeim er þó, að þar er horft til þess hvort viðkomandi rekstur skilar því sem honum er ætlað með hagkvæmum hætti, í stað

Þess að einblína á kostnað við öflun aðfanga eins og áður tíðkaðist. Í innri rekstri ríkisins hefur verið unnið að innleiðingu árangursstjórnunar. Sú aðferð felur í sér skýrari ábyrgðarskil milli ráðuneyta og stofnana, auk bættrar áætlanagerðar með áherslu á langtímahugsun og forgangsröðun verkefna. Þá er sífellt horft til þess hvort tilteknum þáttum í starfsemi ríkisins sé betur fyrir komið í höndum einkaaðila og við það beitt útboðum á einstökum rekstrarþáttum eða einkaframkvæmd. Þessu starfi lýkur þó aldrei og verður haldið áfram að þróa rekstur ríkisins í samræmi við þróun nútíma stjórnunaraðferða.

Mikilvæg forsenda þess að greina áframhaldandi tækifæri til hagræðingar og til að fylgja eftir verkefnum, er að upplýsingakerfi ríkisins séu nútímaleg og geti með öflugum hætti svarað þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra. Nýlega var undirritaður samningur um kaup ríkisins á nýjum upplýsingakerfum sem uppfylla þessar kröfur.



Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2000

Ríkisreikningur er nú settur fram í þriðja sinn í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þar er lögð áhersla á að í ríkisreikningi hverju sinni séu birtar upplýsingar úr ársreikningum allra ríkisaðila. Ríkisaðilar fyrir utan A-hluta ríkissjóðs skiptast þannig: B-hluti ríkisfyrirtæki sem ekki eru hlutafélög, C-hluti lánastofnanir (ekki hlutafélög), D-hluti fjármálastofnanir ríkisins og E-hluti hlutafélög og sameignarfélag sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins.

Uppbygging ríkisreiknings tekur að miklu leyti mið af framsetningu ársreikninga fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laganna um fjárreiður ríkisins.

Reikningurinn er tvískiptur. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2000 – Heildaryfirlit* þar sem fjallað er um afkomu ríkisaðila. Þar er gerð grein fyrir afkomu A-hluta ríkissjóðs í heild og hún skýrð. Jafnframt eru þar sýndar lykiltölur úr ársreikningum annarra ríkisaðila, þ. e. ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins í E-hluta.

Hins vegar er *Ríkisreikningur 2000 – Sundurliðun reikninga ríkisaðila* þar sem sýnd eru ítarlegri yfirlit um fjármál ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana í A-hluta. Framsetning á fjárhag ráðuneyta og ríkisstofnana miðast við að sýna rekstrar-yfirlit, sjóðstreymi og efnahagsreikning. Jafnframt eru sýndar helstu niðurstöður úr samandregnum ársreikningum annarra ríkisaðila.

Afkoma ríkissjóðs

Rekstrarreikningur ríkissjóðs fyrir árið 2000

sýnir 4,3 milljarða króna tekjuhalla eða um 1,9% af tekjum ársins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir 16,7 milljarða króna afgangi en niðurstaða ársins 1999 sýndi 23,6 milljarða króna tekjuafgang. Lakari afkoma á árinu 2000 skýrist einkum af þremur þáttum, þ.e. auknum lífeyrisskuldbindingum, hærri afskriftum á skattkröfum og minni sölu eigna. Þannig nam gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga 24,9 milljörðum króna á árinu 2000 samanborið við 12,9 milljarða króna árið 1999, afskriftir skattkrafna námu 10,4 milljörðum króna á móti 4,5 milljörðum króna og loks var sala eigna 0,6 milljarðar króna en hún nam 11,1 milljarði króna árið á undan.

Ríkissjóður skilaði lánsfjárafgangi á árinu 2000 fjórða árið í röð en í því felst svigrúm til að greiða niður skuldir. Lánsfjárafgangurinn nam 9,5 milljörðum króna samanborið við 19,1 milljarð króna árið 1999 og 16,8 milljarða króna árið 1998. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam afgangurinn 1,4% árið 2000, 3,1% árið 1999 og 2,9% árið 1998. Lánsfjárafgangur ríkissjóðs var nýttur til að greiða niður skuldir um 8,2 milljarða króna og staðan á sjóðs- og bankareikningum batnaði um 1,3 milljarða króna.

Fjárheimildir ársins 2000 að viðbættu frumvarpi til lokafjárlaga nema alls 233,1 milljarði króna. Samsetning þeirra eru heimildir samkvæmt fjárlögum 193,2 milljarðar króna, fjárukalögum 8,2 milljarðar króna, fluttar fjárheimildir frá árinu 1999 alls 3,4 milljarðar króna og sótt verður um 28,3 milljarða króna í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2000.

Yfirlit 1 gefur heildarmynd af ríkisfjármálunum árin 1999 og 2000.

Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 1999 og 2000

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Fjárheimildir/ Frv. til lokafjár- laga 2000	Fjárhæð	Frávik %	Reikningur 1999
Tekjur samtals	224.715	224.244	471	0,2	222.633
Gjöld samtals	229.001	233.106	-4.105	-1,8	199.002
Tekjur umfram gjöld.....	-4.286	-8.862	4.576	.	23.631
Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-).....	9.475	-14.449	23.924	.	19.119
Tekin lán, nettó	-8.181	-9.900	1.719	.	-16.637
Innlend lán	-16.398	-19.361
Erlend lán	8.217	2.724
Breyting á handbæru fé.....	1.294	-24.349	25.643	.	2.482
Hlutfall af vergri landframleiðslu, %					
Tekjur samtals	33,6	33,5	.	.	35,7
Gjöld samtals	34,2	34,8	.	.	31,9
Tekjur umfram gjöld.....	-0,6	-1,3	.	.	3,8
Lánsfjárafgangur/lánsfjárbörf, nettó (+/-).....	1,4	-2,2	.	.	3,1

Tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 2000 að fjárhæð 4,3 milljarðar króna svarar til 0,6% af landsframleiðslu ársins. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var gert ráð fyrir 16,7 milljarða króna afgangi og á árinu 1999 var afgangurinn 23,6 milljarðar króna. Samanborið við fjárlög reyndist afkoman á árinu 2000

því 21,0 milljörðum króna lakari en áætlað var og hún reyndist 27,9 milljörðum króna óhagstæðari en á árinu 1999. Í aðalatriðum skýrast frávikin af tiltölulega fáum óreglulegum tekju- og gjaldaliðum á árinu 2000 eins og kemur fram í yfirliti 2.

Yfirlit 2. Óreglulegar tekjur og gjöld 1999 og 2000

Í milljörðum króna	Ríkis- reikn- ingur 2000	Fjár- lög 2000	Ríkis- reikn- ingur 1999	Frávik ríkisreikn- ings og fjár- laga 2000	Frávik ríkisreikn- ings 2000 og 1999
Óregluleg gjöld					
Lífeyrisskuldbindingar	24,9	7,4	12,9	17,5	12,0
Afskriftir skattkrafna	11,4	4,0	4,5	7,4	6,9
Dómur hæstaréttar vegna örorkulífeyrispega	1,3	-	-	1,3	1,3
Sjúkrahús Reykjavíkur, yfirtaka eigna	-	-	1,6	-	-1,6
Óregluleg gjöld samtals	37,6	11,4	19,0	26,2	18,6
Óreglulegar tekjur					
Sala eigna	0,6	4,2	11,1	-3,6	-10,5
Sérstakt mat á virði ríkisfyrirtækja	3,2	-	4,9	3,2	-1,7
Óreglulegar tekjur samtals	3,8	4,2	16,0	-0,4	-12,2
Óreglulegar tekjur umfram gjöld	-33,8	-7,2	-3,0	-26,6	-30,8

Í hnotskurn sýnir yfirlitið að sveiflur í þessum óreglulegu gjalda- og tekjuliðum skýra óhagstæðari niðurstöðutölur á árinu 2000 samanborið við fjárlög um sem nemur 26,6 milljarða króna og um 30,8 milljarða króna miðað við útkomu ársins 1999.


Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga var umtalsverð á árinu 2000 og vega þar þyngst áhrif kjarasamninga grunnskólakennara eða sem nemur 11,5 milljörðum króna og 2,6 milljörðum króna vegna framhaldsskólakennara. Þá kemur fram mikil hækkun á afskriftum skattkrafna ríkissjóðs og námu þær 11,4 milljörðum króna. Að undanfögnu hefur farið fram gagnger endurskoðun á þessum kröfum og leiddi hún í ljós að þær hafa verið ofmetnar hin síðari ár. Með bættum hugbúnaði í tekjukerfum ríkisins hefur fengist mun betri yfirsýn yfir tekjurnar og betri grundvöllur til að meta þær en áður. Í reikningsskilunum fyrir árið 2000 var ákveðið að stíga stórt skref í að endur-

meta þessar kröfur og verður því verkefni fram haldið á árinu 2001. Af öðrum liðum í yfirlitinu má nefna áhrif dóms hæstaréttar hinn 19. desember árið 2000 vegna örorkulífeyrispega að fjárhæð 1,3 milljarðar króna. Þá voru tekjur ríkissjóðs af eignasölu litlar á árinu 2000 en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið var ráðgert að afla 4,3 milljarða króna tekna með þeim hætti en fallið var frá þeim hugmyndum á síðari stigum. Á árinu 1999 aflaði ríkissjóður 11,1 milljarðs króna tekna með sölu eigna. Að lokum er að nefna sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja samtals að fjárhæð 3,2 milljarða króna. Er þar annars vegar um að ræða endurmat á bókfærðu verðmæti Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í tengslum við stofnun hlutafélags um reksturinn hinn 1. október árið 2000. Hins vegar var stofnað hlutafélag um Orkubú Vestfjarða hinn 1. júní árið 2001 og var eign ríkissjóðs í fyrirtækinu færð í árslok 2000 í samræmi við andvirði hlutafjárins í hinu nýja félagi.

Fram hefur komið að ríkissjóður hafði 9,5 milljarða króna lánsfjárafgang á árinu 2000 þrátt fyrir 4,3 milljarða króna tekjuhalla. Í aðalatriðum skýrast frávikin af mismuninum á milli gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og greiðslum ríkissjóðs til lífeyrissjóðanna en hann nam 13,1 milljarði króna.

Á undanförunum árum hefur tekjuafkoma og lánsfjárpörf ríkissjóðs sveiflast nokkuð frá einu ári til annars. Þetta kemur glögg fram á mynd 1 hér á eftir en þar eru einnig sýnd heildargjöld og heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1991-2000.

Mynd 1. Lykilstærðir í fjármálum ríkissjóðs 1991-2000 í hlutfalli við verga landsframleiðslu




Tekjur ríkissjóðs námu alls 224,7 milljörðum króna á árinu 2000 eða um 33,6% af landsframleiðslu ársins. Árið 1999 námu tekjurnar 222,6 milljörðum króna eða 35,7% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam aðeins 2,1 milljarði króna eða lækkun um 3,9% að raungildi miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2000 við afgreiðslu fjáráukalaga gerði ráð fyrir svipuðum tekjum í heild og útkoma ársins sýndi eða 224,2 milljörðum króna, en þó eru nokkur frávik á einstökum liðum. Þar ber hæst tekjur af virðisaukaskatti sem reyndust 5,1 milljarð

króna undir áætlun, en umfram áætlun voru tekjur vegna sérstaks endurmats á virði ríkisfyrirtækja um 3,2 milljarðar króna og tekjur af neyslu- og leyfisgjöldum um 1,2 milljarða króna.

Tekjur ríkissjóðs skiptust þannig á árinu 2000 að skatttekjur námu 89,3%, aðrar rekstrartekjur 8,5% og aðrar tekjur 2,2%. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 32,0% af heildartekjunum, tekjuskattar 23,9%, vörugjöld 10,5% og tryggingagjöld 8,8%. Mynd 2 sýnir hlutfallslegt vægi helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 2000.

Mynd 2. Tekjur ríkissjóðs 2000, %




Gjöld ríkissjóðs námu alls 229,0 milljörðum króna á árinu 2000 eða um 34,2% af landsframleiðslu ársins. Árið 1999 voru gjöldin 199,0 milljarðar króna eða 31,9% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam því 30,0 milljörðum króna eða um 9,6% að raungildi. Veigamesta hækkunin á milli ára var á gjöldum fjármálaráðuneytisins, 18,6 milljarðar króna. Hækkunin nemur 61,0% eða um 53,3% að raungildi. Skýrist hún einkum af hækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á milli ára um 12,1 milljarð króna og af afskriftum skattkrafna sem jukust um 6,8 milljarða króna. Þá nam hækkun á gjöldum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 5,9 milljörðum króna á milli ára eða um 8,1%. Að raungildi hækka gjöld ráðuneytisins um 2,9% sem skýrist meðal annars af áhrifum dóms hæstaréttar vegna örorkulífeyrisþega í desember sl., en gjöld vegna hans námu um 1,3 milljörðum króna.

Gjöld ríkissjóðs skiptust þannig að rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 44,6% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar af námu launagjöld 23,6%, lífeyrisskuldbindingar 10,9%, önnur gjöld 16,1% og sértekjur til lækkunar á gjöldum 6,0%. Önnur útgjöld ríkissjóðs skiptust þannig að fjármagnskostnaður nam 6,7%, rekstrar- og neyslutilfærslur 40,0%, viðhaldsútgjöld 2,3%, stofnkostnaður 4,6% og fjármagnstilfærslur 1,9%.

Heilbrigðismál voru sem fyrr fjárfrekasti málaflokkurinn á árinu 2000 og námu þau 22,4% af heildargjöldum ríkissjóðs, almannatryggingar og velferðarmál 18,1% og fræðslu- og menningarmál 11,1%. Útgjöld til þessara málaflokka að viðbættum lífeyrisskuldbindingum og vaxtagjöldum af lánnum námu alls 69,1% af heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 70,0% árið 1999. Mynd 3 sýnir vægi helstu málaflokka í heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2000.

Mynd 3. Gjöld ríkissjóðs 2000 eftir málefnaflokkum, %



Ríkisreikningur 2000

Lánsfjárafgangur ríkissjóðs nam 9,5 milljörðum króna á árinu 2000. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam hann 1,4% samanborið við 3,1% árið 1999 og 2,9% árið 1998. Afborganir ríkissjóðs umfram nýjar lántökur námu 16,4 milljörðum króna á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 2000, en erlendar lántökur voru 8,2 milljarða króna umfram afborganir. Umsvif ríkissjóðs á innlenda markaðnum voru þó töluvert meiri en þessar

tölur gefa til kynna einkum á skammtíma fjármagnsmarkaði en sala á ríkisvixlum nam alls 41,1 milljarði króna og endurgreiðsla þeirra 45,0 milljörðum króna. Tekin erlend veltilán námu alls 165,5 milljörðum króna og afborganir 157,9 milljörðum króna á árinu 2000. Yfirlit 3 gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 2000.

Yfirlit 3. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs 1999 og 2000


Í millj. kr	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
Tekin lán				
Ríkisvixlar	9.899	-3.929	-	5.970
Ríkisbréf	11.018	413	-	11.430
Spariskírteini	61.734	-11.357	2.271	52.647
Önnur innlend lán.....	4.297	-1.525	135	2.907
Erlend lán	118.136	8.217	12.972	139.325
Tekin lán samtals	205.083	-8.181	15.378	212.279
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	20.884	-5.500	867	16.251
Skuldaviðurkenningar samtals	225.967	-13.681	16.245	228.530
Lánveitingar				
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir	36.807	-6.275	-280	30.252
Veitt stutt lán	1.006	-1.043	39	1
Veitt löng lán	69.347	-2.249	3.821	70.919
Lán tengd innlendu verðlagi	57.699	-845	2.408	59.262
Gengisbundin lán	11.648	-1.404	1.413	11.657
Lánveitingar samtals	107.160	-9.567	3.580	101.172
Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar	118.807	-4.114	12.665	127.358
Hlutfall af vergri landframleiðslu, %				
Skuldir samtals.....	36,3	-2,0	.	34,2
Par af erlendar skuldir.....	19,0	1,2	.	20,8
Lánveitingar samtals	17,2	-1,4	.	15,1
Par af veitt löng lán.....	11,1	-0,3	.	10,6
Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar	19,1	-0,6	.	19,0

Mismunur á teknum og veittum lánnum gefur til kynna hver lánsfjárförf ríkissjóðs er til eigin þarfa. Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2000 námu 228,5 milljörðum króna, en að teknu tilliti til lánveitinga námu hreinar skuldir 127,4 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu heildarskuldir ríkissjóðs 34,2% í árslok 2000 samanborið við 36,3% árið 1999 og 41,2% árið 1998. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 19,0% af landsframleiðslu árið 2000, en hlutfallið

var nánast hið sama árið á undan eða 19,1% og 26,2% árið 1998.

Að lokum er í mynd 4 sýnd samsetning skulda A-hluta ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum í árslok 2000. Erlendar skuldir námu 61,0% af heildarskuldinni og innlendar skuldir 39,0%. Af innlendum skuldunum veiga spariskírteini þýngst en að meðtöldum uppsöfnuðum áföllnum vöxtum námu þau 30,1% af heildarskuldinni.

Mynd 4. Skuldir ríkissjóðs í árslok 2000, %



Ríkisreikningur 2000

Að lokum sýnir yfirlit 4 áætlaðar endurgreiðslur vaxta og afborgana af veittum og teknum löngum

lánnum ríkissjóðs miðað við þá lánessamninga sem voru í gildi í árslok 2000.

Yfirlit 4. Endurgreiðslur af veittum og teknum löngum lánnum í árslok 2000

Í milljörðum króna	2001	2002	2003	2004	2005	2006 og síðar	Samtals
Tekin lán							
Afborganir	21,3	20,5	36,2	21,8	26,0	95,9	221,7
Spariskírteini	5,1	6,4	8,2	3,8	14,7	27,4	65,6
Ríkisbréf	0,0	0,0	14,4	0,0	0,0	0,0	14,4
Önnur innlend lán	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	1,8	2,3
Erlend lán	16,1	14,0	13,5	17,9	11,2	66,7	139,4
Vextir	9,3	10,8	10,3	5,1	7,3	11,3	54,1
Spariskírteini	4,2	4,3	4,8	1,3	4,3	1,5	20,4
Ríkisbréf	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Önnur innlend lán	0,0	0,1	0,1	0,1	0,1	1,0	1,4
Erlend lán	5,1	6,4	5,4	3,7	2,9	8,8	32,3
Vextir og afborganir	30,6	31,3	46,5	26,9	33,3	107,2	275,8
Spariskírteini	9,3	10,7	13,0	5,1	19,0	28,9	86,0
Ríkisbréf	0,0	0,0	14,4	0,0	0,0	0,0	14,4
Önnur innlend lán	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	2,8	3,7
Erlend lán	21,2	20,4	18,9	21,6	14,1	75,5	171,7
Veitt lán							
Afborganir	8,3	7,2	7,3	10,6	7,6	29,6	70,6
Endurlán ríkissjóðs	4,9	3,3	3,5	7,1	5,4	17,6	41,8
Ríkissjóður	3,4	3,9	3,8	3,5	2,2	12,0	28,8
Vextir	2,8	3,5	3,1	2,7	2,1	8,4	22,6
Endurlán ríkissjóðs	2,2	2,2	2,0	1,8	1,4	5,1	14,7
Ríkissjóður	0,6	1,3	1,1	0,9	0,7	3,3	7,9
Vextir og afborganir	11,1	10,7	10,4	13,3	9,7	38,0	93,2
Endurlán ríkissjóðs	7,1	5,5	5,5	8,9	6,8	22,7	56,5
Ríkissjóður	4,0	5,2	4,9	4,4	2,9	15,3	36,7



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Forseti Alþingis
Alþingishúsinu v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Arnarhvoli 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 560 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/fjr>

Reykjavík, 27. ágúst 2001

Tilvísun: FJR01080024/312-4/BG/sbc--

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 88, 27. maí 1997 um fjárreiður ríkisins hefur Ríkisbókhald gert ríkisreikning fyrir árið 2000. Reikningurinn nær til allra ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningskil ríkisins. Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með vísan til laga nr. 86, 27. maí 1997 um ríkisendurskoðun sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjármálaráðherra og ríkisbókari hann með undirritun sinni.

Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.


fjármálaráðherra


ríkisbókari

Áritun ríkisendurskoðanda

Til Alþingis

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ríkisreikning fyrir árið 2000. Reikningurinn tekur til ríkisaðila sem fara með ríkisvald og þeirra stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins. Ríkisreikningur hefur að geyma greinargerð, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 52 vegna A-hluta ásamt séryfirlitum. Í ríkisreikningi eru enn fremur birtar upplýsingar úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs sem áritaðir hafa verið af stofnuninni eða endurskoðunarfélögum í umboði hennar. Ríkisreikningur er lagður fram af fjármálaráðherra og ríkisbókara og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Samkvæmt 6. og 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða ríkisreikning og felst ábyrgð hennar í því áliti sem hún lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Það þýðir að skipuleggja á og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að reikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ríkisreikningi og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Að mati stofnunarinnar fengust við endurskoðunina nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit hennar á.

Fjárheimildir sem gerð er grein fyrir í reikningnum eru fjárlög og fjáráukalög reikningsársins, fluttar fjárheimildir frá fyrra ári ásamt tillögum fjármálaráðherra að lokafjárlögum fyrir árið 2000. Lokafjárlög fyrir árin 1998 til 2000 hafa ekki verið samþykkt af Alþingi.

Það er álit Ríkisendurskoðunar, að ríkisreikningur gefi í öllum meginatriðum glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A- til E-hluta á árinu 2000 og efnahag 31. desember 2000 og sé að öðru leyti en að ofan greinir í samræmi við lög og viðurkenndar reikningsskilavenjur ríkissjóðs.

Um einstaka athugasemdir vísar stofnunin til sérstakrar skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 sem send verður Alþingi.

Reykjavík í ágúst 2001


Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
RÍKISBÓKHALD

Ríkisreikningur fyrir árið 2000

Yfirlitsreikningur
A-hluta ríkissjóðs

Rekstrarreikningur

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2000	Fjárheimildir/ Frv. til lokafjár- laga 2000	Reikningur 1999	
Tekjur:					
Skatttekjur					
	Skattar á tekjur einstaklinga.....	4	44.125	43.937	37.987
	Skattar á tekjur lögaðila	5	9.679	10.738	9.126
	Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar ...	6	5.791	5.071	5.930
	Tryggingagjöld.....	7	19.680	19.311	17.787
	Eignarskattar	8	9.872	9.757	8.450
	Virðisaukaskattur.....	9	71.903	77.001	70.020
	Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar.....	10	30.941	31.169	30.804
	Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11	8.122	7.992	7.209
	Skattar ótaldir annars staðar.....	12	538	521	483
	Skatttekjur samtals.....		200.651	205.498	187.796
Aðrar rekstrartekjur					
	Arðgreiðslur	13	2.477	2.278	2.733
	Vextir og aðrar eignatekjur	14	10.698	10.154	9.269
	Neyslu- og leyfisgjöld.....	15	5.347	4.175	4.873
	Sektir	16	508	528	589
	Aðrar rekstrartekjur samtals.....		19.030	17.135	17.465
	Sala eigna	17	635	816	11.140
	Fjármagnstílfærslur.....		-	-	-
	Fjárframlög.....	18	1.231	796	1.294
	Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....	19	3.167	-	4.938
	Tekjur alls	3	224.715	224.244	222.633
Gjöld:					
	Æðsta stjórn ríkisins.....	21	2.149	2.197	1.876
	Forsætisráðuneyti.....	22	1.459	1.541	1.689
	Menntamálaráðuneyti.....	23	22.459	22.984	21.368
	Utanríkisráðuneyti	24	4.807	5.452	3.635
	Landbúnaðarráðuneyti	25	9.502	9.107	9.346
	Sjávarútvegsráðuneyti.....	26	2.508	3.245	2.505
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	27	11.574	11.702	10.797
	Félagsmálaráðuneyti	28	11.266	11.243	11.483
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	29	78.479	77.895	72.621
	Fjármálaráðuneyti.....	30	48.981	49.754	30.431
	Samgönguráðuneyti	31	13.315	14.287	11.908
	Iðnaðarráðuneyti	32	2.631	2.979	1.853
	Viðskiptaráðuneyti	33	1.404	1.483	1.278
	Hagstofa Íslands	34	378	370	330
	Umhverfisráðuneyti	35	2.842	3.622	2.550
	Fjármagnskostnaður	36	15.245	15.245	15.332
	Gjöld alls.....	20	229.001	233.106	199.002
	Tekjujöfnuður	2	-4.286	-8.862	23.631

Efnahagsreikningur 31. desember

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2000	Reikningur 1999
Eignir:			
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í fyrirtækjum og hlutafé	37	71.420	65.641
Erlent stofnfé	38	3.238	2.752
Veitt löng lán	39	70.919	69.347
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	39	-8.297	-7.316
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals		137.280	130.425
Veltufjármunir			
Vöru- og efnisbirgðir	40	776	791
Óinnheimtar ríkistekjur	41	46.032	46.543
Skammtímakröfur, aðrar	42	5.632	11.811
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánnum	39	8.297	7.316
Handbært fé, nettó	43	16.830	15.354
Veltufjármunir samtals		77.567	81.815
Eignir samtals		214.847	212.240
Skuldir og höfuðstóll			
Höfuðstóll			
Höfuðstóll í ársbyrjun		-171.609	-196.420
Höfuðstóll í ársbyrjun, leiðrétting		-266	-
Endurmat		-21.940	1.180
Tekjujöfnuður		-4.286	23.631
Höfuðstóll í árslok	44	-198.101	-171.609
Skuldir:			
Lífeyrisskuldbindingar	45	163.007	137.338
Langtímaskuldir			
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	46	16.251	20.884
Tekin löng innlend lán	47	66.750	76.794
Tekin löng erlend lán	47	139.325	118.136
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	47	-21.355	-24.026
Langtímaskuldir samtals		200.971	191.788
Skammtímaskuldir			
Krafa á ríkistekjur	48	1.152	1.167
Ógreidd gjöld (án vaxta)	49	5.568	6.713
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	50	6.846	4.251
Tekin stutt lán	51	6.205	10.153
Aðrar skammtímaskuldir	52	7.845	8.411
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	47	21.355	24.026
Skammtímaskuldir samtals		48.970	54.722
Skuldir og höfuðstóll samtals		214.847	212.240

Sjóðstreymi

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Fjárlög/ Fjárukalög 2000	Reikningur 1999
Rekstrarhreyfingar			
Tekjujöfnuður	-4.286	22.845	23.631
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé			
Lífeyrisskuldbindingar	21.875	-2.936	10.457
Afföll af teknum lánum	2.540	-	3.735
Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda	-5.500	-	2.813
Söluhagnaður af eignum	24	-	-10.459
Tekjufærsla vegna endurmats félaga	-3.167	-	-4.938
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda			
Afskrifaðar skattkröfur	11.350	4.000	4.542
Aðrar viðskiptakröfur, (breyting)	-5.697	-6.185	-17.518
Viðskiptaskuldir, (breyfing)	367	-666	4.752
Handbært fé frá rekstri	17.506	17.057	17.015
Fjárfestingarhreyfingar			
Veitt stutt lán	-505	4.522	-9
Veitt löng lán	-5.439	-5.128	-6.333
Afborganir veittra lána	9.235	7.240	8.907
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	-8.762	-7.000	-7.754
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-249	-250	-152
Sala hlutabréfa og eignarhluta	228	816	11.180
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-5.492	200	5.839
Fjármögnunarhreyfingar			
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	182	-	-172
Skammtímalán	-3.948	-3.900	-5.427
Tekin löng lán	39.838	29.400	22.509
Afborganir lána	-46.610	-35.400	-37.454
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-10.538	-9.900	-20.544
Aukning á handbæru fé	1.476	7.357	2.310
Handbært fé í ársbyrjun	15.354	.	13.044
Hreyfingar á sjóðs- og bankareikningum	1.294	.	2.482
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	182	.	-172
Handbært fé í árslok	16.830	.	15.354



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
RÍKISBÓKHALD

Ríkisreikningur fyrir árið 2000

Skýringar með
reikningi A-hluta ríkissjóðs

1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila

1.1 Lög um fjárreiður ríkisins

Ríkisreikningur er saminn á grundvelli laga nr. 88 frá 16. maí 1997 um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt 1. gr. laganna skal haga reikningshaldi ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144, um ársreikninga, að svo miklu leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um annað í fjárreiðulögunum.

Ríkisreikningur nær yfir fjárreiður ríkisaðila. Samkvæmt 2. gr. laganna eru ríkisaðilar skilgreindir sem þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins. Samkvæmt 3. gr. laganna skiptist ríkisreikningur í eftirfarandi hluta:

A-hluti. Æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þá nær hann einnig yfir verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Loks skal þar gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi

B-hluti. Ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum eða sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.

C-hluti. Lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og váttryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

E-hluti. Sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Ríkisreikningur 2000 skiptist í tvennt. Annars vegar er heildaryfirlit sem gefur yfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs og sýnir jafnframt lykiltölur um afkomu annarra ríkisaðila. Hins vegar er sundurliðunaryfirlit sem gefur ítarlegar upplýsingar um fjármál A-hluta ríkissjóðs og einstakra aðila innan A-hlutans. Jafnframt koma þar fram helstu niðurstöður úr ársreikningum annarra ríkisaðila.

1.2 A-hluti ríkissjóðs

Reikningsskilareglur

1. *Breyttar reglur með nýjum lögum.* Eftir gildistöku fjárreiðulaganna er almennt beitt sömu aðferðum og gilda í reikningsskilum fyrirtækja með tveimur undantekningum. Þær varða bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna annars vegar og færslur verðlags- og gengisbreytinga hins vegar. Ríkisaðilum í A-hluta er gert að færa varanlega rekstrarfjármuni til gjalda þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Gjaldfærslu verksamninga skal haga í samræmi við framvindu verks ljúki því ekki á reikningsárinu. Þá eru áhrif launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga færð um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning en ekki á rekstrarreikning.

2. *Rekstrargrunnur.* Reikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni. Tekjur sem álagðar eru á reikningsárinu eru tekjufærðar án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld eru gjaldfærð á árinu þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær þau koma til greiðslu.

Í rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings eru gjöld tilfærð að frádregnum sértekjum stofnana, sbr. 12. gr. laganna, með sama hætti og gjöld í 1. gr. og sundurliðun 2 í fjárlögum.

3. *Eignir og skuldir*

Verð- og gengisbreytingar. Áhrif almennra verð- og gengisbreytinga á lánareikninga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu þeirra vegna gengismunar og verðbóta færðar um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning.

Hlutabréf. Almennt er miðað við framreiknaða bókfærða eign í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysliverðs frá ársbyrjun til ársloka. Hafi jöfnunarbréf verið gefin út á árinu eru þau látin gilda. Hlutabréf sem keypt eru á árinu eru framreiknuð til ársloka frá gildandi vísitölu á kaupdegi.

Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum sem ekki eru hlutafélög. Þeir voru færðir inn í efnahagsreikning ríkissjóðs í fyrsta sinn í ársbyrjun 1998. Almennt miðaðist upphafs færslan við 80% af eigin fé viðkomandi aðila samkvæmt ársreikningi í árslok 1997 eða við sérfræðilegt mat á virði þar sem það lá fyrir. Í árslok 2000 er almennt

miðað við framreiknaðan bókfærðan eignarhluta í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun til ársloka. Jafnframt taka reikningskilin tillit til sérstakra úttekta sem gerðar eru á verðmæti fyrirtækja sem ríkissjóður á að hluta eða öllu leyti.

Veitt og tekin lán. Verðtryggð og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi gjaldmiðla 31. desember 2000 og vísitölur janúarmánaðar 2001.

Lífeyrisskuldbindingar. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkunar; íslenskar lífslíkur samkvæmt reynslu árána 1991-1995; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur hjá öðrum en lífeyrisþegum, en hjá þeim var raunveruleg hjúskaparstaða notuð; viðmiðun við danskar örorkulíkur í skrifstofustörfum þar sem íslenskar tölur eru ekki tiltækar. Við matið er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH).

Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Jafnframt er tekið tillit til sérstakra innborgana ríkissjóðs upp í framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum þar sem það á við.

Afskriftir og niðurfærsla eftirstöðva

Eftirstöðvar ríkistekna. Við afskrift og niðurfærslu á eftirstöðvum ríkistekna er beitt sömu aðferð og gilt hefur frá uppgjöri ríkisreiknings 1996. Hjá þeim aðilum sem annað hvort eru í gjaldþrotaskiptum eða skiptum er lokið hjá eru eftirstöðvar færðar niður um 80%. Í skýringum er gerð nánari grein fyrir afskrift og niðurfærslu eftirstöðva ríkistekna í árslok 2000.

Veitt lán. Sem fyrr eru veitt lán ríkissjóðs færð niður með beinni og óbeinni afskrift í ríkisreikningi.

Framsetning A-hluta í ríkisreikningi

Framsetning fjármála A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar

að sýna afkomu ríkissjóðs í heild á viðkomandi reikningsári. Hins vegar að sýna afkomu einstakra aðila innan A-hlutans og stöðu þeirra gagnvart ríkissjóði.

1. A-hluti ríkissjóðs í heild

Helstu yfirlit A-hluta eru: a) Rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Jafnframt eru birtar ítarlegar skýringar við yfirlitin.

a) Rekstrarreikningur

Tekjur eru flokkaðar í skatttekjur, aðrar rekstrarartekjur, sölu eigna, fjárframlög og tekjur sem tengjast sérstöku endurmati á virði fyrirtækja í eigu ríkisins.

Gjöld eru flokkuð eftir ráðuneytum en sýna jafnframt fjármagnskostnað ríkissjóðs.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í áhættufjármuni og langtímakröfur annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

Höfuðstóll kemur fram sem mismunur eigna og skulda.

Skuldir eru flokkaðar í lífeyrisskuldbindingar, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

c) Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri kemur fram þegar tekið hefur verið tillit áhrifa rekstrarliða sem ekki hafa fjárstreymi í för með sér og breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum á tekjujöfnuð ríkissjóðs.

Fjárfestingarhreyfingar sýna hreyfingar á veittum lánum og kaup og sölu á verðbréfum, hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum.

Fjármögnunarhreyfingar sýna breytingar á teknum lánum og endurmat sjóðs- og banka-reikninga.

Breyting á handbæru fé kemur fram sem niðurstaða sjóðstreymis og er samtala af handbæru fé frá rekstri, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum.

2. Stofnanaliðir innan A-hluta

Helstu yfirlit sem sýnd eru fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir eru: a) Rekstrarreikningur, b) efnahagsreikningur og c) sjóðstreymi. Í öðrum tilvikum eiga efnahagsreikningur og sjóðstreymi ekki við.

a) Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningurinn sýnir gjöld viðkomandi stofnunar skipt eftir viðfangsefnum. Sértekjur liðarins eru sýndar í heild og loks kemur fram mismunur gjalda og sértekna. Yfirlitið sýnir annars vegar samanburð á útkomu ársins við reikningsniðurstöður ársins á undan og hins vegar við fjárheimildir þess að viðbættum heimildum sem sótt er um með frumvarpi til lokafjárlaga. Fjárheimildir stofnunar að viðbættum heimildum samkvæmt lokafjárlaga-frumvarpi að frádregnum reikningstölum ársins jafngilda höfuðstól hennar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Fjárheimildir ársins eru samsettar af fluttum fjárheimildum frá árinu á undan, fjárlögum og fjáráukalögum reikningsársins. Með frumvarpi til lokafjárlaga reikningsársins er sótt um breytingar á fjárheimildum stofnana í samræmi við frávik á útkomu annarra rekstrar-tekna og markaðra tekna stofnana frá áætlun fjárlaga og fjáráukalaga ársins. Almenna reglan er sú að reynist útkoma þessara tekjustofna hærri en áætlað var þá er fjárheimild viðkomandi stofnunar hækkuð í samræmi við þau frávik í lokafjárlögum ársins og öfugt ef tekjurnar reynast lægri. Loks er í frumvarpi til lokafjárlaga leitað heimildar til hækkunar eða lækkunar á fjárheimild með beinum hætti þar sem það á við.

b) Efnahagsreikningur

Eignir eru flokkaðar í fastafjármuni annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

Eigið fé kemur fram sem mismunur eigna og skulda, en það skiptist í höfuðstól og annað eigið fé. Höfuðstóll í árslok sýnir stöðu rekstrarfjárheimildar viðkomandi stofnunar í árslok sem flyst til næsta árs.

Skuldir eru flokkaðar í langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

Í rekstrarreikningi stofnana takmarkast tekjufærslan við sértekjur. Allmargar A-hluta stofnanir eiga jafnframt tilkall til annarra

rekstrartekna sem flokkast meðal tekna ríkissjóðs. Enn aðrar eiga kröfu á mörkuðum tekjum sem eru skattar sem lagðir eru á til að afla fjár til þess verkefnis sem viðkomandi stofnun sinnir. Í framsetningu ríkisfjármálanna flokkast þessar tekjur meðal skatttekna ríkissjóðs en ekki hjá stofnuninni.

Efnahagsreikningur stofnana A-hluta sýnir því aðeins eftirstöðvar óinnheimtra sértekna í árslok. Eftirstöðvar annarra rekstrartekna og markaðra tekna sem tilheyra stofnuninni færast hins vegar í efnahagsreikning ríkissjóðs en ekki hjá stofnuninni.

Loks sýnir efnahagsreikningur stofnunar greiðslustöðu hennar gagnvart ríkissjóði í árslok.

c) Sjóðstreymi

Sjóðstreymi stofnana er, auk hefðbundinna liða sem lýst hefur verið hér að framan, ætlað að draga fram hvort viðkomandi stofnun hafi tekist að halda sig innan þeirra fjárheimilda sem lagt var upp með. Einnig kemur þar fram hvernig greiðslustaða stofnunarinnar breytist gagnvart ríkissjóði á viðkomandi reikningsári.

1.3 Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs

Fram hefur komið að í ríkisreiknings á að birta upplýsingar úr ársreikningum ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana ríkisins í C-hluta, fjármála-stofnana ríkisins í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélagum sem ríkið á að hálfu eða meira í E-hluta. Samkvæmt fjárreiðulögum ber að haga reikningsskilum þessara aðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144, um ársreikninga.

Í heildaryfirliti ríkisreiknings fyrir árið 2000 eru birtar lykiltölur úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta. Í sundurliðunaryfirliti ríkisreiknings eru birtar ítarlegri upplýsingar úr ársreikningum þessara fyrirtækja og stofnana. eru þar sýndar mikilvægar stærðir úr rekstrar- og efnahagsreikningi þeirra ásamt sjóðstreymi.

2. Tekjujöfnuður og lánsfjárför A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Reikn- ingur 1998	Reikn- ingur 1997	Reikn- ingur 1996
Tekjur af almennri starfsemi alls	220.904	206.555	178.375	134.650	128.028
Skatttekjur.....	200.651	187.796	161.304	125.522	119.595
Aðrar tekjur af almennri starfsemi	20.253	18.759	17.071	9.128	8.434
Gjöld alls	229.001	199.002	189.636	134.586	136.978
Rekstrargjöld.....	102.031	84.085	84.258	54.437	52.693
Rekstrar- og neyslutilfærslur.....	91.573	77.890	71.748	50.928	53.635
Fjármagnskostnaður	15.245	15.332	15.964	14.892	15.308
Viðhald	5.263	4.973	4.068	3.878	3.905
Stofnkostnaður	10.587	11.410	8.759	6.510	8.039
Fjármagnstilfærslur	4.302	5.313	4.839	3.941	3.398
Tekjur af almennri starfsemi umfram gjöld ...	-8.097	7.553	-11.260	64	-8.950
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....	3.176	4.938	-	9.547	-
Sala eigna	635	11.140	2.471	631	253
Tekjur umfram gjöld	-4.286	23.631	-8.789	10.242	-8.697
Veitt lán, breyting	3.293	-2.482	2.930	-299	1.345
Viðskiptareikningar, breyting.....	6.004	-13.660	-1.463	-2.926	-1.538
Hlutfjárloforð	-	-	-	6.354	7.446
Vörubirgðir, minnkun.....	15	-153	-24	-30	2
Hlutfjár- og stofnfjárframlög, breyting.....	-3.165	6.265	2.021	-15.478	-7.744
Lífeyrisskuldbindingar, breyting	13.114	2.703	19.533	3.076	2.665
Langtímaskuldbindingar, áfallnir vextir	-5.500	2.813	2.617	1.885	-5.442
Lánsfjárafgangur/pörf, nettó (+/-)	9.475	19.118	16.826	2.824	-11.963
Tekin lán, nettó	-8.181	-16.637	-9.510	-2.649	11.073
Innlend lán, stutt	-3.948	-5.427	2.888	-3.889	-410
Innlend lán, löng	-12.450	-13.934	-2.047	7.763	4.841
Erlend lán.....	8.217	2.724	-10.351	-6.523	6.642
Breyting á handbæru fé.....	1.294	2.481	7.316	176	-888
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Tekjur alls.....	33,6	35,7	31,3	27,6	26,5
Skatttekjur	30,0	30,1	27,9	23,9	24,7
Gjöld alls	34,2	31,9	32,8	25,7	28,3
Rekstrargjöld.....	15,3	13,5	14,6	10,4	10,9
Rekstrar- og neyslutilfærslur.....	13,7	12,5	12,4	9,7	11,1
Fjármagnskostnaður	2,3	2,5	2,8	2,8	3,2
Tekjur umfram gjöld	-0,6	3,8	-1,5	2,0	-1,8
Lánsfjárafgangur/pörf, nettó (+/-)	1,4	3,1	2,9	0,5	-2,5
Verg landsframleiðsla, millj. kr.	668.921	623.230	577.406	524.679	483.966

3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Með lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins var gerð gagnger breyting á skilgreiningu og flokkun ríkistekna. *Aðalflokkar tekna* ríkissjóðs eru fimm, þ.e. skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, sala eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög. *Skatttekjur* eru skilgreindar sem lögbvingaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. *Aðrar rekstrartekjur* eru greiðslur fyrir tiltekna þjónustu á vegum hins opinbera sem það eitt veitir og almennt eru tekjurnar ekki hærri en sá kostnaður sem að baki þjónustunni liggur. *Sala eigna* miðast við tekjur af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, fasteigna og jarðeigna enda eru þær ekki eignfærðar í reikningsskilum ríkisins. Jafnframt fellur þar undir söluhagnaður af hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum. *Fjármagnstilfærslur* eru óendurkræf framlög til ríkissjóðs vegna fjárfestingar frá öðrum en opinberum aðilum. *Fjárframlög* eru óendurkræf framlög frá öðrum opinberum aðilum. Loks var tekjufærsla á árinu 2000 að fjárhæð alls 3,2 milljarðar króna vegna *sérstaks endurmats á virði ríkisfyrirtækja*. Þar af eru rúmlega 1,9 milljarðar króna vegna hækkunar á bókfærðri eign ríkissjóðs í B-hluta ríkisfyrirtækjunum Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem voru sameinuð í hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. þann 1. október 2000. Bókfærð eign í fyrirtækjunum nam alls

tæpum 0,6 milljörðum króna en hlutaféð í hinu nýja félagi nam 2,5 milljörðum króna. Þá var stofnað hlutafélag um Orkubú Vestfjarða hinn 1. júní árið 2001 en eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækinu nemur 40%. Eign ríkissjóðs í fyrirtækinu hefur ekki verið færð í ríkisreikningi en er nú bókfærð í árslok 2000, rösklega 1,2 milljarðar króna, í samræmi við andvirði hlutafjárins í hinu nýja félagi.

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs námu 224.715 milljörðum kr. á árinu 2000 eða sem nemur 33,6% af landsframleiðslu ársins. Tekjurnar reyndust aðeins 471 millj. kr. eða 0,2% umfram áætlun fjárlaga og fjáráukalaga ársins. Tekjurnar eru gerðar upp á grundvelli álagningar að teknu tilliti til breytinga á árinu. Þær skiptust þannig að skatttekjur námu 89,3%, aðrar rekstrartekjur 8,5% og sala eigna og fjárframlög 0,8%. Loks nam sérstakt endurmat ríkisfyrirtækja 1,4%.

Í séryfirliti 1 á bls. 8 er ítarleg sundurliðun á einstökum tekjuliðum ríkissjóðs á árinu 2000. Þar kemur einnig fram áætlun þeirra samkvæmt fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2000 og sýndar reikningstölur ársins 1999.

Eftirfarandi yfirlit sýnir álagningu, innheimtu og afskriftir helstu flokka ríkistekna á árinu 2000 og eftirstöðvar þeirra í ársbyrjun og árslok.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Í millj. kr.	1. Eftir- stöðvar í ársbyrjun	2. Álag- ning á árinu	3. Breyt- ingar á árinu	4. Tekjur ársins =2.+3.	5. Innheimta á árinu	6. Afskriftir ársins	7. Eftir- stöðvar í árslok =1.+4.-5.-6.
Skatttekjur	39.572	211.061	-10.409	200.651	193.686	8.517	38.020
Skattur á tekjur og hagnað.....	16.055	61.381	-1.786	59.595	56.242	2.479	16.929
Tryggingagjöld.....	2.526	19.748	-67	19.680	19.333	195	2.678
Eignarskattar.....	1.829	9.759	113	9.872	9.809	331	1.560
Virðisaukaskattur.....	16.518	79.356	-7.453	71.903	68.941	5.376	14.104
Vörugjöld.....	1.647	23.769	-185	23.584	23.679	2	1.550
Tollar og aðflutningsgjöld.....	180	2.710	-8	2.702	2.652	3	228
Ýmis gjöld á viðskipti með vöru og þjónustu.....	228	4.654	0	4.654	4.675	1	206
Neyslu- og leyfisskattar.....	417	9.140	-1.018	8.122	7.914	105	520
Aðrir skattar.....	170	543	-6	538	441	25	242
Aðrar rekstrartekjur	6.966	21.123	-2.092	19.030	15.154	2.833	8.010
Arðgreiðslur.....	594	2.477	-	2.477	2.404	-	667
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur ..	5.521	12.698	-2.000	10.698	7.147	2.832	6.240
Neyslu- og leyfisgjöld.....	629	5.347	0	5.347	5.161	3	812
Sektir.....	221	601	-92	508	442	-3	290
Sala eigna	4.102	634	-	634	4.737	-	-
Sala varanlegra rekstrar- fjármuna og söluhagnaður.....	4.102	532	-	532	4.635	-	-
Sala á landi og réttindum.....	-	102	-	102	102	-	-
Fjárframlög	5	1.231	-	1.231	1.234	-	3
Fjárframlög frá innlendum opinberum aðilum.....	-	1.206	-	1.206	1.206	-	-
Fjárframlög frá erlendum opin- berum aðilum og alþjóðastofn.	5	26	-	26	28	-	3
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	-	3.167	-	3.167	3.167	-	-
Tekjur samtals	50.645	237.216	-12.502	224.715	217.978	11.350	46.032

Samkvæmt yfirlitinu lækkuðu eftirstöðvar ríkistekna á árinu 2000 úr 50.645 millj. kr. í ársbyrjun í 46.032 millj. kr. í árslok. Álagning tekna á árinu nam 237.216 millj. kr. en breytingar til lækkunar námu 12.502 millj. kr. Bókfærðar tekjur ársins nema því 224.715 millj. kr., en innheimtar tekjur voru 217.978 millj. kr. eða 6.737 millj. kr. lægri fjárhæð. Loks jukust afskriftir á kröfum ríkissjóðs verulega á árinu 2000 og námu þær alls 11.350 milljónum króna samanborið við 4.542 millj. kr. árið 1999. Að undanförunu hefur farið fram gagn-ger endurskoðun á þessum kröfum og leiddi hún í ljós að þessar kröfur hafa verið ofmetnar hin síðari

ár. Með bættem hugbúnaði í tekjukerfum ríkisins hefur fengist mun betri yfirsýn yfir tekjurnar og betri grundvöllur til að meta þær en áður. Í reikningsskilunum fyrir árið 2000 var ákveðið að stíga stórt skref í að endurmeta þessar kröfur og verður því verkefni fram haldið einnig á árinu 2001.

Hlutfallsleg samsetning tekna ríkissjóðs á árinu 2000 sýnir að virðisaukaskattur skilar sem fyrr mestu af tekjustofnum ríkissjóðs eða 32,0%. Aðrir helstu tekjustofnar ríkissjóðs eru tekjuskattar með alls 23,9%, vörugjöld 10,5% og tryggingagjöld 8,8%.

4. Skattar á tekjur einstaklinga

Í millj. kr.	Reikn ingur 2000	Reikn ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Skattar á tekjur einstaklinga					
Staðgreiðsla ársins, brúttó	84.493	74.336	10.156	13,7	...
Útsvar sveitarfélaga	-43.558	-39.046	-4.512	11,6	...
Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs í staðgreiðslu ársins	40.935	35.290	5.644	16,0	42.451
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára	1.919	1.565	354	22,6	...
Sérstakur tekjuskattur	1.272	1.132	140	12,3	1.486
Skattar á tekjur einstaklinga samtals	44.125	37.987	6.137	16,2	43.937
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	19,6	17,1	.	.	19,6

Tekjur af tekjuskatti í staðgreiðslu eru miðaðar við innheimtu í lok greiðsluársins að viðbætti innheimtu til loka febrúar á álagningarári vegna fyrra árs. Jafnframt er tekið tillit til vanskila kaupgreiðenda í árslok og breytinga á þeim til febrúarloka. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti í staðgreiðslu vegna ársins 2000 námu 40.935 millj. kr.

Tekjuskattshlutfall einstaklinga var 26,41% árið 2000 eða óbreytt frá árinu 1999. Vegið meðaltal af útsvari sveitarfélaga í staðgreiðslu hækkaði úr 11,93% árið 1999 í 11,96% árið 2000. Persónuafsláttur í staðgreiðslu var hækkaður um 2,5% frá 1. apríl 2000.

Skattshlutfall barna var 6% árið 2000 eða óbreytt frá árinu 1999. Tekjuskattshlutfallið var 4% og útsvarshlutfallið 2%. Með lögum nr. 151/1994 voru launatekjur barna undir ákveðnu marki undanþegar staðgreiðslu frá 1. janúar 1995.

Með lögum nr. 30/1995 var skattskylda lífeyrisiðgjalda afdnum í áföngum. Frádrátturinn gildi vegna launa frá 1. apríl 1995 og síðar. Á árinu 1995 takmarkaðist frádrátturinn við helming iðgjalds eða að hámarki 2% af launum. Frá ársbyrjun 1996 hækkaði frádrátturinn í 75% af iðgjaldinu eða að hámarki 3% af launum og frá 1.

júlí 1996 miðaðist frádráttarheimildin við allt greitt iðgjald eða að hámarki 4% af launum.

Með lögum nr. 141/1997 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt er heimilaður viðbótarfrádráttur til öflunar lífeyrisréttinda allt að 2% af iðgjaldsstofni. Frádráttur þessi kom til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1999. Hámarksfrádráttur var hækkaður úr 2% í 4% af iðgjaldsstofni frá 1. júní 2000 skv. lögum nr. 86/2000 um breytingar á lögum 75/1981.

Með lögum nr. 157/1998 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var ákveðið að heimild til frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri yrði aldrei hærri en 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa en þó aldrei hærri en tiltekin fjárhæð. Frádráttur þessi nær til fjárfestinga í atvinnurekstri á árunum 1998-2002.

Með lögum nr. 97/1996 um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu hlutabréfa upp að tiltekinni fjárhæð. Sé söluhagnaðurinn hærri skattleggst það sem umfram er á sama hátt og aðrar tekjur.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Skattafsláttur, þ.e. ónýttur persónuafsláttur til tekjuskatts, nam samtals 4.739 millj. kr. á árinu 2000 og var honum ráðstafað sem hér segir:

	Í millj. kr.
Skattafsláttur til greiðslu:	
útsvars	4.288
eignarskatts	376
sérstaks eignarskatts vegna endurbóta á húsakosti menningarstofnana	20
tekjuskatts á fjármagnstekjur	55
Ráðstöfun skattafsláttar samtals	4.739

Skattafsláttur til greiðslu útsvars og fjármagnstekjuskatts er dreginn frá tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti. Skattafsláttur til greiðslu eignarskatts og sérstaks eignarskatts er dreginn frá eignarsköttum.

Með lögum nr. 147/1994 og nr. 145/1995 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var sérstakur tekjuskattur manna framlengdur til ársins 2001. Skatturinn er 7% og er lagður á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram ákveðna fjárhæð og er hún tvöfalt hærri hjá hjónum.

5. Skattar á tekjur lögaðila

Í millj.kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Skattar á tekjur lögaðila					
Tekjuskattur lögaðila	9.679	9.126	553	6,1	10.738
Skattar á tekjur lögaðila samtals	9.679	9.126	553	6,1	10.738
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	4,3	4,1	.	.	4,8

Tekjuskattshlutfall lögaðila á árinu 2000 var óbreytt frá árinu áður. Með lögum nr. 95/1998 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var *tekjuskattur lögaðila* lækkaður á

árinu 1999. Tekjuskattshlutfallið lækkaði í 38% árið 1999 úr 41% árið 1998 hjá sameignarfélögum en lækkaði í 30% árið 1999 úr 33% árið 1998 hjá öðrum lögaðilum.

6. Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar					
Skattur á fjármagnstekjur og staðgreiðsla.....	5.218	5.360	-142	-2,7	4.500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.....	573	570	3	0,6	571
Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar...	5.791	5.930	-139	-2,3	5.071
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	2,6	2,7	.	.	2,3

Skylda til að greiða skatt af vaxtatekjum, arði, söluhagnaði og leigutekjum nær til allra sem lögheimili eiga á Íslandi og hafa fjármagnstekjur sem ekki stafa af atvinnurekstri, sbr. lög nr. 94/1996. Skylda til að greiða staðgreiðslu af arði og vaxtatekjum nær til allra einstaklinga og lögaðila sem ekki eru sérstaklega undanþegnir.

Staðgreiðsla á fjármagnstekjur í atvinnurekstri er bráðabirgðagreiðsla upp í álögd gjöld. Hjá einstaklingum er staðgreiðslan bráðabirgðagreiðsla upp í álagðan fjármagnstekjuskatt.

Álagður skattur á fjármagnstekjur til innheimtu á árinu 2000 nam 1.080 millj. kr. hjá einstaklingum og 131 millj. kr. hjá félögum og sjóðum. Af staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur runnu 717 millj. kr. til greiðslu tekjuskatts og fleiri gjalda hjá aðilum í atvinnurekstri. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts á tekjur 2000 nam 4.751 millj. kr. Skattafsláttur til greiðslu fjármagnstekjuskatts nam 55 millj. kr. og álag á ógreiddan skatt á fjármagnstekjur 28 millj. kr.

7. Tryggingagjöld

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Tryggingagjöld					
Tryggingagjald	15.915	13.656	2.259	16,5	15.499
Atvinnutryggingagjald.....	3.473	3.843	-369	-9,6	3.496
Ábyrgðargjald atvinnurekenda	147	133	13	10,0	148
Slysatryggingagjald á sjómannslaun.....	146	155	-10	-6,2	168
Tryggingagjöld , ótalin annars staðar.....	0	0	.	.	-
Tryggingagjöld samtals	19.680	17.787	1.894	10,6	19.311
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	8,8	8,0	.	.	8,6

Tryggingagjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 113/1990. Launagreiðendur greiða sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tengdum greiðslum. Frá 1. janúar 1996, sbr. lög nr. 141/1995 um breytingu á lögum nr. 113/1990, var gjaldið samsett af tveimur hlutum, þ.e. almennu gjaldi sem hefur tvö gjaldstig eftir atvinnugreinum og atvinnutryggingagjaldi.

Frá 1. janúar 1999 var lægra gjaldstig almenns tryggingagjalds 3,54% en herra gjaldstigið 4,29% og atvinnutryggingagjald 1,15%. Atvinnugreinar sem falla undir lægra gjaldstig tryggingagjalds eru; fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða.

Frá 1. janúar 2000 er almennt tryggingagjald hið sama fyrir öll greidd laun, 3,99%. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum en þar bætist við sérstök trygging, 0,65%. Með lögum nr. 95/2000 var atvinnutryggingagjald lækkað úr 1,15% í 0,80% frá 1. júní 2000 eða um 0,35 prósentustig, en á móti hækkaði almennt tryggingagjald samsvarandi eða úr 3,99% í 4,34%.

Tekjum af almennu tryggingagjaldi er ráðstafað þannig, skv. lögum nr. 113/1990 með síðari breytingum (141/1995, 156/1996 og 95/2000), að Fæðingarorlofssjóður fær 0,85% af gjaldstofni tryggingagjalds, Vinnueftirlit ríkisins fær árið 2000, 0,048%, Staðalráð 0,007% og Icepro 0,001%. Afgangurinn rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sérstakt slysatryggingagjald er lagt á samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993. Gjaldið sem nemur 0,65% er lagt á útgerðarfyrtæki vegna launa og aflahlutar sjómanna ef þau taka tryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda er lagt á sama gjaldstofn og tryggingagjald skv. lögum nr. 1/1992. Ábyrgðargjaldi er ætlað að fjármagna Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Gjaldið var 0,04% árið 2000 eða óbreytt frá árinu 1999.

8. Eignarskattar

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Eignarskattar					
Einstaklingar					
Eignarskattur	2.508	1.819	689	37,9	2.556
Sérstakur eignarskattur	278	184	94	51,0	256
Erfðafjárskattur	765	599	166	27,7	784
Eignarskattar einstaklinga samtals	3.550	2.602	948	36,4	3.596
Lögaðilar					
Eignarskattur	1.976	1.730	246	14,2	2.013
Sérstakur eignarskattur	412	360	52	14,3	398
Eignarskattar lögaðila samtals	2.388	2.090	298	14,2	2.411
Aðrir eignarskattar					
Skattar á fjármagnsviðskipti, stimpilgjald	3.140	2.995	145	4,8	3.022
Skipulagsgjald	113	95	18	18,4	116
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	51	48	3	6,0	52
Próunarsjóðsgjald	631	619	12	1,9	560
Aðrir eignarskattar samtals.....	3.934	3.757	177	4,7	3.750
Eignarskattar samtals.....	9.872	8.450	1.422	16,8	9.757
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	4,4	3,8	.	.	4,4

Eignarskattur einstaklinga reiknast af eignarskattsstofni skv. lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eignarskattshlutfall einstaklinga var óbreytt árið 2000 frá árinu á undan eða 1,2%.

Eignarskattshlutfall lögaðila var óbreytt á árinu 2000, þ.e. 1,2% af eignarskattsstofni.

Sérstakur eignarskattur einstaklinga og lögaðila, skv. lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhöfuð og endurbætur menningarmannvirkja, var óbreyttur á árinu 2000, þ.e. 0,25% af eignarskattsstofni. Skatturinn er lagður á eignarskattsstofni einstaklinga umfram tiltekna fjárhæð. Með lögum nr. 159/1998 um breyting á áður nefndum lögum er skatturinn framlengdur til ársloka 2004.

9. Virðisaukaskattur

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Virðisaukaskattur					
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	47.039	42.961	4.078	9,5	} 77.001
Virðisaukaskattur af sölu vöru og þjónustu.....	30.579	31.039	-460	-1,5	
<i>Endurgreiðslur:</i>	-5.715	-3.981	-1.734	43,6	
Vegna íbúðarhúsnæðis	-1.091	-779	-312	40,1	
Til opinberra aðila	-3.041	-2.003	-1.038	51,8	
Til erlendra aðila.....	-293	-329	36	-11,1	
Af vörum til manneldis	-788	-582	-206	35,3	
Vegna hitunar húsa og laugarvatns	-142	-141	-1	0,4	
Aðrar endurgreiðslur	-361	-147	-214	145,9	
Virðisaukaskattur samtals.....	71.903	70.020	1.883	2,7	
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	32,0	31,5	.	.	34,3

Um *virðisaukaskatt* gilda lög nr. 50/1988 með síðari breytingum. Samkvæmt lögunum á að greiða í ríkissjóð af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innfluttri vöru og þjónustu. Almenn er skatturinn 24,5% en er þó 14% á

tilteknar tegundir vöru og þjónustu. Í lægra skattþrepinu má nefna matvörur, afnotagjald útvarpsstöðva, gistiþjónustu, tímarit, dagblöð og bækur ritaðar á íslenska tungu, heitt vatn, rafmagn og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

10. Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2000
Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar					
Vörugjöld					
Vörugjald, almennt.....	2.875	2.958	-83	-2,8	3.084
Vörugjald af ökutækjum.....	4.960	5.896	-936	-15,9	5.321
Vörugjald af bensíni, almennt	2.127	1.760	367	20,9	1.986
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.430	5.398	32	0,6	5.877
Áfengisgjald	5.771	5.529	242	4,4	5.727
Búnaðargjald og önnur gjöld landbúnaðarins.....	774	849	-75	-8,8	715
Flutningsjöfnunargjöld.....	655	702	-47	-6,7	635
Skilagjald á einnota umbúðir	526	451	75	16,6	450
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.....	195	188	7	3,5	190
Spilliefnagjald.....	154	126	28	22,2	163
Ýmis vörugjöld	118	96	22	23,3	76
Vörugjöld samtals	23.584	23.954	-370	-1,5	24.224
Aðrir sértækir veltuskattar					
Aðflutningsgjöld	2.702	2.527	175	6,9	2.551
Rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti	3.120	2.908	212	7,3	2.908
Forvarnargjald	597	628	-31	-4,9	500
Flugvallargjald	715	619	96	15,5	711
Brunavarnargjald.....	125	124	1	0,6	103
Aðrir sértækir þjónustuskattar	98	44	54	122,7	172
Aðrir sértækir veltuskattar samtals	7.357	6.850	507	7,4	6.945
Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar samtals.	30.941	30.804	137	0,4	31.169
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	13,8	13,8	.	.	13,9

Vörugjald, almennt er lagt á ýmsar iðnaðarvörur og vörur vegna aðvinnslu skv. lögum nr. 97/1987.

Með lögum nr. 29/1993 sem tóku gildi 1. júlí 1993 voru lögð vörugjöld á ökutæki og eldsneyti í stað tolla.

Með lögum nr. 96/1995, var tekið upp áfengisgjald frá 1. september 1995 og er það lagt á allt áfengi. Gjaldið leysti af hólmi vínandagjald sem var hluti af álagningu ÁTVR við sölu áfengis og var skilað í ríkissjóð sem hluti af hagnaði fyrirtækisins.

Með lögum nr. 52/1989 sem tóku gildi 1. júní 1989 var lagt skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur til þess að standa straum af söfnun og endurvinnslu þeirra.

Með lögum nr. 56/1996 var lagt á sérstakt spilliefnagjald til að standa straum af kostnaði við söfnun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna

Sérstakt vörugjald samkvæmt Hafnalögum, nr. 23/1994 með síðari breytingum, rennur til Hafnabótasjóðs. Gjaldið svarar 25% álagi á vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn skv. hafnalögum.

Aðflutningsgjöld eru lögð á allar vörur sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins nema annað sé tekið fram í tollalögum eða öðrum sérlögum. Þannig er innflutningur iðnaðarvara frá aðildarríkjum EES tollfrjáls en tollur lagður á sams konar vörur séu þær fluttar inn annars staðar frá.

Rekstrarhagnaður ÁTVR eru skil fyrirtækisins á hluta af hagnaði í ríkissjóð. Áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi er vörugjald og er það fært í ríkisreikningi með vörugjöldum. Með reglugerð nr. 476/1995 sem tók gildi 1. september 1995 var einkasölugjaldi sem far- og ferðamönnum var gert að greiða breytt í áfengisgjald og tóbaksgjald.

11. Aðrir skattar á vöru og þjónustu

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik		Fjárlög/ Fjárukalög 2000
			fjárhæð	%	
Aðrir skattar á vöru og þjónustu					
Bifreiðagjald	2.550	2.341	209	8,9	2.547
Þungaskattur af díselbifreiðum	2.586	2.030	556	27,4	2.571
Þungaskattur, fast árgjald	2.053	2.009	44	2,2	1.950
Eftirlitsgjöld	436	349	87	25,0	399
Ýmis leyfis- og skráningargjöld	330	296	34	11,5	363
Vitagjald	87	69	18	25,8	90
Skipagjald	63	60	3	5,2	58
Ýmsir neyslu- og leyfisskattar	17	55	-38	-69,0	15
Aðrir skattar á vörur og þjónustu samtals	8.122	7.209	913	12,7	7.992
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	3,6	3,2	.	.	3,6

Skattar á vöru og þjónustu eru almennt skilgreindir sem skattar sem lagðir eru á notkun eða neyslu vöru og þjónustu en eru ekki lagðir á viðskiptin sjálf eða verðmæti vörunnar.

Bifreiðagjald er árlegt gjald sem lagt er á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi eftir þyngd þeirra.

Þungaskattur af díselbifreiðum er bæði innheimtur sem fast árgjald út frá eigin þyngd bifreiðar og ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetra miðað við heildarþyngd hennar.

Með *ýmsum leyfis- og skráningargjöldum* eru m.a leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi, gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa, ýmis söluleyfi, veiðileyfi, ýmis leyfi skv. aukatekjulögum, skráning hlutafélaga, skráning firma, lögskráning sjómanna og skráning kaupmála.

Með *eftirlitsgjöldum* eru veiðieftirlitsgjöld, rafveitueftirlitsgjald, umferðaröryggisgjald, árgjöld og leyfi Lyfjanefndar, fóðureftirlitsgjald og eftirlitsgjöld áfengisleyfa.

12. Skattar, ótaldir annars staðar

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Skattar, ótaldir annars staðar					
Iðnaðarmálagjald.....	185	175	10	5,6	125
Markaðsgjald.....	183	158	25	15,6	185
Framleiðslugjald af áli	52	47	5	11,4	124
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar	54	38	16	42,6	45
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar.....	14	-	14	...	10
Annað.....	50	65	-16	-23,8	32
Skattar, ótaldir annars staðar samtals.....	538	483	54	11,3	521
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	0,2	0,2	.	.	0,2

Skattar sem teljast ekki undir framangreinda flokka falla hér undir, þar á meðal eru ýmsir skattar á atvinnurekstur.

Markaðsgjald er lagt á gjaldstofn tryggingagjalds samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993.

Gjaldið er 0,05% og er innheimt með tryggingagjaldi.

Framleiðslugjald af áli nam alls 131 millj. kr. á árinu 2000. Hlutur ríkisins nam 52 millj. kr. og Hafnarfjarðarkaupstaðar 78 millj. kr.

13. Arðgreiðslur

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Arðgreiðslur					
Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	668	594	74	12,4	} 217
Norræni Fjárfestingarbankinn	25	26	-1	-4,8	
Landssíminn hf.....	565	565	-	-	560
Hagnaður Lánasýslu ríkisins.....	35	-	35	...	-
Fríhöfn Keflavíkurlugvelli	-	340	-340	...	-
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.....	-	277	-277	...	-
Landsbanki Íslands hf.....	468	338	130	38,3	} 1.501
Búnaðarbanki Íslands hf	326	252	74	29,2	
Landsvirkjun.....	125	117	8	7,0	
Rafmagnsveitur ríkisins.....	111	150	-39	-26,0	
Íslenskir aðalverktakar hf	39	39	0	0,2	
Aðrar arðgreiðslur	117	34	83	.	.
Arðgreiðslur samtals	2.477	2.733	-256	-9,4	2.278
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	1,1	1,2	.	.	1,0

14. Vextir og aðrar eignatekjur

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Vextir og aðrar eignatekjur					
Vextir af langtímakröfum	3.979	3.967	12	0,3	4.500
Dráttarvextir af ríkissjóðstekjum	5.664	4.614	1.050	22,8	5.000
Vextir af skammtímakröfum	861	518	343	66,1	550
Dráttarvextir af lánum	18	21	-3	-15,9	
Einkaleyfisgjald Happpdrættis Háskóla Íslands.....	104	91	13	14,1	77
Aðrar eignatekjur.....	73	57	16	27,2	27
Vextir og aðrar eignatekjur samtals.....	10.698	9.269	1.429	15,4	10.154
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	4,8	4,2	.	.	4,5

15. Neyslu- og leyfisgjöld

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Neyslu- og leyfisgjöld					
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu					
Afnotagjöld Ríkisútvarpsins.....	1.777	1.730	47	2,7	1.625
Lendingargjöld.....	620	540	80	14,9	530
Skólagjöld.....	429	404	25	6,2	-
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslum.	461	383	78	20,3	495
Ábyrgðar- og áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	201	249	-48	-19,2	105
Aðgangur að opinberum skrá.....	242	236	6	2,7	194
Vegabréf og ökuskráir.....	199	208	-9	-4,4	70
Pinglýsingar	144	152	-8	-5,0	158
Göngudeildargjöld	101	102	-1	-1,1	100
Vottorðsgjöld	77	84	-7	-8,0	7
Önnur neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	467	243	224	92,1	326
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu samtals	4.718	4.331	387	8,9	3.611
Neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit o.fl.					
Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlits.....	193	200	-7	-3,7	192
Leyfis- og árgjöld Póst- og fjarskiptastofnunar.....	91	78	13	17,0	72
Eftirlitsgjöld Loftferðaeftirlitsins	70	55	15	26,8	32
Vinnueftirlitsgjald	63	53	10	18,8	47
Önnur neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit.....	212	156	56	36,0	222
Neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit o.fl. samtals.....	542	87	16,0	564	
Neyslu- og leyfisgjöld samtals	5.347	4.873	474	9,7	4.175
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	2,4	2,2	.	.	1,9

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Undir liðinn *neyslu- og leyfisgjöld* færast ýmsar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða eftirlit sem er skyldubundið og verður aðeins veitt á vegum hins opinbera.

Með öðrum *neyslu- og leyfisgjöldum* fyrir þjónustu eru gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd, prófgjöld, afgreiðslugjald skipa,

tollafgreiðslugjald, auglýsingar í Lögbirtinga-
blaði og ýmis þjónustugjöld.

Með öðrum *neyslu- og þjónustugjöldum* fyrir eftirlit eru m.a. heilbrigðiseftirlitsgjald með slát-
urafurðum, skráningargjald til Kvótapiings, skoð-
unargjald kvikmynda, vopnaleitargjald, þjónustu-
gjald Lyfjanefndar og ýmis eftirlitsgjöld.

16. Sektor

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Sektor					
Lögreglustjórasektor	315	295	20	6,8	378
Dómsektor	172	235	-63	-26,7	105
Ýmsar sektor	21	59	-38	-64,0	45
Sektor samtals.....	508	589	-81	-13,7	528
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,2	0,3	.	.	0,2

17. Sala eigna

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Sala eigna					
Söluhagnaður af hlutabréfum	117	10.459	-10.342	-98,9	800
Fasteignir	416	487	-71	-14,7	-
Sala á landi og réttindum o.fl.....	102	170	-68	-40,1	16
Sala á stærri vélum og tækjum.....	-	25	-25	...	-
Sala eigna samtals.....	635	11.140	-10.505	-94,3	816
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....	0,3	5,0	.	.	0,4

Söluhagnaður af hlutabréfum á árinu 2000 er einkum til kominn vegna sölu á hlutabréfum

ríkissjóðs í Interneti á Íslandi hf. Hagnaður af sölu þeirra nemur 117 millj. kr.

18. Fjárframlög

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Fjárframlög					
Fjárframlag Happpdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325	444	-119	-26,8	325
Sveitarfélög, viðbótarframlag vegna					
líffeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	328	327	1	0,3	-
Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Vísindasjóðs.....	145	145	-	-	145
Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Þjóðhagsstofnunar..	60	59	1	1,4	60
Umsýslupóknun vegna tekjustofna vegaáætlunar	50	47	3	6,1	48
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði.....	215	192	23	12,0	137
Hluti sveitarfélaga í Listaháskóla Íslands	74	-	74	...	-
Hluti sveitarfélaga í Myndlista- og handíðaskóla Íslands.	-	49	-49	...	51
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans.....	9	-	9	...	-
Önnur fjárframlög	26	32	-6	-20,3	30
Fjárframlög samtals	1.231	1.294	-63	-4,8	796
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	0,5	0,6	.	.	0,4

19. Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2000
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja					
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	1.947	-	1.947	...	-
Orkubú Vestfjarða.....	1.220	-	1.220	...	-
Landssími Íslands hf.....	-	4.938	-4.938	...	-
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja samtals...	3.167	4.938	-1.771	-35,9	-
Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %	1,4	2,2	.	.	-

Hinn 1. október árið 2000 voru ríkisfyrirtækin Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfn á Keflavík-urflugvelli í B-hluta sameinuð í hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Hlutfé hins nýja fyrirtækis nemur 2.500 millj. kr. en bókfært verðmæti fyrirtækjanna tveggja nam 553 millj. kr. miðað við 1. október. Eignir í hinu nýja félagi eru færðar upp í samræmi við hlutaféð í fyrirtækinu og nemur

hækkunin á bókfærðu verðmæti því 1.947 millj. kr.

Orkubú Vestfjarða var gert að hlutafélagi 1. júní árið 2001. Eignarhluti ríkissjóðs nemur 40% eins og áður, en eignin hefur ekki verið bókfærð hjá ríkissjóði. Hlutaféð í hinu nýja hlutafélagi nemur 3.050 millj. kr. Andvirði hlutafjár ríkissjóðs er fært til eignar í árslok 2000 og nemur það 1.220 millj. kr.

20. Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs voru alls 229.001 millj. króna á árinu 2000 eða sem nemur 34,2% af landsframleiðslu ársins. Gjöldin voru hæst hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eða 34,3% af heildinni, fjármálaráðuneyti 21,4%, menntamálaráðuneyti 9,8%, samgönguráðuneyti 5,8%, félagsmálaráðuneyti 4,9%, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 5,1% og landbúnaðarráðuneyti 4,1%. Gjöld annarra ráðuneyta voru lægri. Loks nam fjármagnskostnaður 6,7% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2000.

Fjárheimildir ársins samanstanda af fjárheimildum samkvæmt fjárlögum, fjárukalögum og fluttum fjárheimildum frá árinu á undan. Við frágang ríkisreiknings er einnig tekið tillit til breytinga á fjárheimildum sem sótt er um með frumvarpi til lokafjárlaga ársins sem lagt er fram á Alþingi til staðfestingar reikningnum. Fjárheimildir ársins 2000 að viðbættu frumvarpi til lokafjár-

laga nema alls 233,1 milljarði króna, þar af eru heimildir samkvæmt fjárlögum 193,2 milljarðar króna, fjárukalögum 8,2 milljarðar króna, fluttar fjárheimildir frá árinu 1999 alls 3,4 milljarðar króna og 28,3 milljarðar króna með frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2000. Gjöld ársins 2000 námu alls 229,0 milljörðum króna og eru þau 4,1 milljarði króna undir fjárheimildum að viðbættu frumvarpi til lokafjárlaga. Þau frávik eiga sér margvíslegar skýringar og eru hinir ýmsu liðir ýmist umfram eða undir áætlunum eins og kemur fram í séryfirliti 2 á bls. 9.

Gjöldum A-hluta ríkissjóðs er skipt á mála-flokka. Er þar lagður til grundvallar alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government, COFOG). Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting gjalda árána 1999 og 2000.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimildir/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Almenn mál.....	22.875	20.240	2.635	13,0	25.006
Almenn opinber mál.....	13.026	11.234	1.792	16,0	14.074
Löggæsla og öryggismál	9.850	9.007	843	9,4	10.932
Félagsmál.....	120.047	112.834	7.212	6,4	119.987
Fræðslumál	16.904	16.296	607	3,7	17.201
Heilbrigðismál	51.396	48.824	2.572	5,3	50.897
Almannatryggingar.....	36.070	33.389	2.681	8,0	36.055
Velferðarmál	5.395	4.910	485	9,9	5.203
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál.....	1.820	1.786	33	1,9	1.968
Menningarmál	8.462	7.628	834	10,9	8.664
Atvinnumál.....	30.966	28.892	2.074	7,2	32.902
Eldsneytis- og orkumál	1.746	1.619	127	7,8	1.881
Landbúnaðar- og skógræktarmál	9.107	9.004	103	1,1	8.797
Sjárvarútvegsmál.....	2.508	2.505	3	0,1	3.245
Iðnaðarmál	649	714	-65	-9,1	692
Samgöngumál.....	13.423	11.911	1.512	12,7	14.487
Önnur útgjöld vegna atvinnumála	3.533	3.139	394	12,6	3.799
Önnur útgjöld ríkissjóðs	55.113	37.036	18.077	48,8	55.210
Vextir og lántökukostnaður	15.245	15.332	-87	-0,6	15.245
Lífeyrisskuldbindingar	24.877	12.873	12.003	93,2	24.877
Afskriftir skattkrafna.....	11.350	4.534	6.816	150,3	11.351
Önnur mál	3.641	4.296	-655	-15,2	3.738
Gjöld alls	229.001	199.002	29.999	15,1	233.106

Útgjaldþyngstu málaflokkarnir á árinu 2000 eru heilbrigðismál með 22,4% af heildargjöldum ríkissjóðs, almannatryggingar 15,8%, fræðslumál 7,4% og atvinnumál 13,5%. Þá vógu lífeyrisskuldbindingar 10,9% af gjöldum ársins og vaxtagjöld 6,7%. Að gefnu tilefni skal tekið fram að samkvæmt staðlinum flokkast gjöld vegna yfirstjórnar ráðuneyta almennt með gjöldum þeirra málaflokka sem undir þau heyra.

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig á árinu 2000 að rekstrargjöld námu 51,2%, rekstrar- og neyslutilfærslur 40,0%, viðhaldsframkvæmdir 2,3%, stofnkostnaður 4,6% og fjármagnstilfærslur 1,9%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda ríkissjóðs eftir hagrænu eðli þeirra og helstu verkefnum árin 1999 og 2000.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
1. Rekstrargjöld					
Laun	53.958	51.050	2.909	5,7	59.344
Lífeyrisskuldbindingar	24.877	12.873	12.003	93,2	24.877
Önnur gjöld	36.960	32.499	4.461	13,7	40.347
Sértekjur stofnana	-13.763	-12.337	-1.426	11,6	-10.029
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar alls	102.031	84.085	17.946	21,3	114.538
Fjármagnskostnaður	15.245	15.332	-87	-0,6	15.245
Rekstrargjöld alls	117.276	99.417	17.859	18,0	129.783
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyrstryggingar	20.090	17.534	2.556	14,6	20.258
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.435	4.910	525	10,7	5.424
Sjúkratryggingar	10.873	9.865	1.008	10,2	10.873
Daggjaldastofnanir	4.047	3.432	615	17,9	3.968
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.200	6.138	62	1,0	6.068
Afskriftir skattkrafna	11.350	4.534	6.816	150,3	0
Barnabætur	3.702	3.942	-240	-6,1	3.702
Vaxtabætur	4.309	3.950	359	9,1	4.309
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	4.200	4.074	125	3,1	4.200
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.444	1.860	-415	-22,3	1.307
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910	1.780	130	7,3	1.910
Ríkisútvarpið	1.777	1.730	46	2,7	1.777
Sóknargjöld	1.311	1.189	122	10,3	1.311
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	14.925	12.952	1.973	15,2	16.313
Rekstrar- og neyslutilfærslur alls	91.573	77.890	13.683	17,6	81.419
3. Viðhald					
Vegagerð	4.151	3.754	396	10,6	3.750
Annað	1.112	1.219	-106	-8,7	585
Viðhald alls	5.263	4.973	290	5,8	4.335
4. Stofnkostnaður					
Vegagerð	4.556	4.103	453	11,0	5.454
Skólar	854	1.023	-168	-16,4	1.268
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	1.010	2.760	-1.750	-63,4	980
Flugvellir	882	457	424	92,9	727
Annað	3.285	3.067	218	7,1	4.537
Stofnkostnaður alls	10.587	11.410	-823	-7,2	12.966
5. Fjármagnstilfærslur					
Próunarsjóður sjávarútvegsins	630	620	10	1,6	630
Hafnamál	486	827	-340	-41,2	841
Ofanflóðasjóður	324	317	6	2,0	897
Vegagerð	75	366	-291	-79,6	0
Tæknisjóður og Bygginga- og tækjasjóður	207	223	-16	-7,2	121
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	265	265	0	0,0	265
Byggðastofnun	300	497	-197	-39,6	300
Annað	2.015	2.198	-183	-8,3	1.549
Fjármagnstilfærslur alls	4.302	5.313	-1.011	-19,0	4.602
6. Gjöld alls	229.001	199.002	29.999	15,1	233.106

Rekstrargjöld A-hluta námu alls 117.276 millj. kr. á árinu 2000 eða um 51,2% af heildargjöldum ríkissjóðs. Af heildargjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar námu laun og launatengd gjöld 24,1%, lífeyrisskuldbindingar 10,3%, önnur gjöld 16,1% og fjármagnskostnaður 6,7%. Á móti þessum útgjöldum námu sértekjur af rekstri stofnana um 6,0%. Rekstrargjöld ríkissjóðs án fjármagnskostnaðar námu alls 102.031 millj. kr. eða um 44,6% af heildargjöldum.

Rekstrar- og neyslutilfærslur A-hluta námu alls 91.573 millj. kr. á árinu 2000 eða um 40,0% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna lífeyris-, slysa- og sjúkratrygginga, daggjaldastofnana og bætur vegna félagslegrar aðstoðar alls 40.445 millj. kr. eða um 17,7% af heildargjöldunum. Rekstrartilfærslur til ríkisfyrirtækja alls 2.679 millj. kr. eða um 1,2% af gjöldum ríkissjóðs. Þar af voru 1.777 millj. kr. vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins, 444 millj. kr. til Þjóðleikhúss og 182 millj. kr. til Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Tilfærslur til sveitarfélaga námu alls 5.461 millj. kr. eða um 2,4% af gjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst gjöld vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4.200 millj. kr. Rekstrartilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega urðu alls 18.513 millj. kr. eða um 8,1% af gjöldum ríkissjóðs. Þar af námu

afskriftir skattkrafna 9.081 millj. kr. og gjöld vegna landbúnaðarmála 7.455 millj. kr. Afskriftir vegna skattkrafna einstaklinga námu 2.270 millj. kr. Tilfærslur til erlendra aðila námu 1.115 millj. kr. á árinu 2000, þar ber hæst framlög til alþjóðastofnana 393 millj. kr., alþjóðlegra samskipta 272 millj. kr. og til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 130 millj. kr.

Viðhaldsútgjöld A-hluta námu alls 5.263 millj. kr. á árinu 2000 eða um 2,3% af heildargjöldum A-hluta. Uppistaðan í þessum útgjaldaflökki ríkissjóðs er vegna vegamála, 4.151 millj. kr.

Stofnkostnaður A-hluta nam alls 10.587 millj. kr. á árinu 2000 eða um 4,6% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst framlög til vegagerðar 4.556 millj. kr., sjúkrahús og heilsugæslustöðvar 1.010 millj. kr., byggingar og búnaður vegna skólamannvirkja 854 millj. kr.

Fjármagnstilfærslur A-hluta námu alls 4.302 millj. kr. á árinu 2000 eða um 1,9% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins 630 millj. kr., hafnamála 486 millj. kr., Byggðastofnunar 300 millj. kr. og Ofanflóðasjóðs 324 millj. kr.

21. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins námu 2.149 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 274 millj. kr. eða 14,6% frá árinu á undan. Gjöld æðstu stjórnar námu 0,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 eins og árið 1999. Þau skiptust þannig

að rekstrargjöld námu 82,8%, rekstrartilfærslur 2,3%, viðhaldskostnaður 1,0% og stofnkostnaður 13,9%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld æðstu stjórnar á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjálaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Opinber þjónusta	2.014	1.756	258	14,7	2.060
Dómstólar.....	136	119	16	13,7	137
Gjöld samtals.....	2.149	1.876	274	14,6	2.197
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	1.830	1.571	260	16,5	1.832
Rekstrargjöld	1.780	1.520	260	17,1	1.782
Rekstrartilfærslur.....	50	51	0	-0,6	50
Viðhaldskostnaður	21	39	-18	-46,2	60
Fjárfesting	298	266	32	12,0	305
Stofnkostnaður	298	264	34	13,1	305
Fjármagnstilfærslur	-	3	-3	-100,0	-
Gjöld samtals.....	2.149	1.876	274	14,6	2.197
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	0,9	0,9	.	.	0,9

Opinber þjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu tæplega 94% af gjöldum æðstu stjórnar á árinu 2000 eða 2.014 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 258 millj. kr. Undir þennan málaflokk falla Embætti forseta Íslands, Alþingi og stofnanir þess. Gjöld *Alþingis* voru 1.504 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 390 millj. kr. Hækkunin skýrist einkum af því að stofnkostnaður hækkaði um 204 millj. kr. á milli ára og varð 258 millj. kr. á árinu 2000. Almennur rekstur hækkaði um 58 millj. kr. og varð 373 millj. kr., alþjóðasamstarf hækkaði um 52 millj. kr. og varð 112 millj. kr. og sérverkefni hækkuðu um 41 millj. kr. og voru 65 millj. kr.

Gjöld vegna *Framkvæmda á Alþingisreit* lækkuðu um 172 millj. kr. á milli ára og urðu 28 millj. kr. á árinu 2000. Gjöld *Embættis forseta Íslands* urðu um 131 millj. kr. og hækkuðu milli ára um 20 millj. kr.

Dómstólar. Gjöld til þessa málaflokks námu rúmlega 6% af gjöldum æðstu stjórnar á árinu 2000 eða 136 millj. kr. og hækkuðu um 16 millj. kr. milli ára. Undir þennan málaflokk falla Hæstiréttur og Umboðsmaður Alþingis. Gjöld *Umboðsmanns Alþingis* hækkuðu um 12 millj. kr. á milli ára og urðu 64 millj. kr.

22. Gjöld forsætisráðuneytis

Gjöld forsætisráðuneytis námu 1.459 millj. kr. á árinu 2000 og lækkuðu um 231 millj. kr. eða um 13,7% frá árinu 1999. Byggðastofnun fluttist til iðnaðarráðuneytis í ársbyrjun 2000 en framlag til hennar var 562 millj. kr. á árinu 1999. Gjöld forsætisráðuneytisins án hennar voru 1.127 millj. kr. á árinu 1999. Að teknu tilliti til þess hækka gjöldin því um 331 millj. kr. eða um 29,4% á milli ára.

Gjöld ráðuneytisins námu 0,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 0,8% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 63,7%, rekstrartilfærslur 24,8%, viðhaldskostnaður 0,9%, stofnkostnaður 8,4% og fjármagnstilfærslur 2,2%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld forsætisráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Opinber þjónusta	1.068	674	393	58,3	1.122
Önnur almenn opinber þjónusta	187	190	-3	-1,6	193
Önnur atvinnumál	-	562	-562	-100,0	-
Annað	203	262	-59	-22,5	226
Gjöld samtals.....	1.459	1.689	-231	-13,7	1.541
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	1.292	1.037	254	24,5	1.340
Rekstrargjöld	930	622	308	49,6	1.135
Rekstrartilfærslur.....	362	416	-54	-13,0	205
Viðhaldskostnaður	12	14	-2	-17,2	15
Fjárfesting	155	638	-482	-75,7	186
Stofnkostnaður	123	126	-3	-2,5	148
Fjármagnstilfærslur	32	511	-479	-93,7	39
Gjöld samtals.....	1.459	1.689	-231	-13,7	1.541
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	0,6	0,8	.	.	0,7

Opinber þjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu 73% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla aðalskrifstofa ráðuneytisins, Norræna ráðherranefndin og ýmis verkefni. Gjöldin námu 1.068 millj. kr. og er það 393 millj. kr. hækun frá árinu 1999. Gjöld vegna ýmissa verkefna voru um 808 millj. kr., hækkuðu um 394 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld vegna kristnitökuháttíðar voru 375 millj. kr., hækkuðu um 327 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld vegna Landafundanefndar voru 172 millj. kr., hækkuðu um 19 millj. kr. frá árinu 1999. Framlag til Minningar-
kapelli á Ljósavatni var 28 millj. kr., hækkaði um 14 millj. kr. frá árinu 1999 og gjöld vegna vegna Stafkirkju í Vestmannaeyjum voru 43 millj. kr., hækkaði um 29 millj. kr. frá árinu 1999. Til nýrra

viðfangsefna fóru annars vegar 10 millj. kr. til styrktar íslenskum fræðum og íslensku bókasafni við Manitobaháskóla í Kanada og hins vegar 38 millj. kr. til Vesturfaraseturs á Hofsósi. Á árinu 1999 voru gjöld vegna *mannvirkjagerðar á Bessa-stöðum* 29 millj. kr. og lauk verkinu á því ári.

Önnur almenn opinber þjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu 13% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla fasteignir forsætisráðuneytis, Þjóðhagsstofnun og ríkislögmaður. Gjöldin námu um 187 millj. kr. og voru um 3 millj. kr. lægri en á árinu 1999.

Önnur atvinnumál. Undir þennan málaflokk féllu fjármagnstilfærslur til *Byggðastofnunar* á

árinu 1999 og námu þær 562 millj. kr. á árinu 1999. Í ársbyrjun 2000 var stofnunin flutt undir iðnaðarráðuneytis og þar með fellur þessi málaflokkur út hjá forsætisráðuneyti á árinu 2000.

Annað. Gjöld annarra liða voru 14% af gjöldum ráðuneytisins eða um 203 millj. og voru um 59 millj. kr. lægri en á árinu 1999. Gjöld *Safnahúss* voru um 101 millj. kr., hækkuðu um 82 millj. kr. frá árinu 1999. Safnahúsið var opnað á ný eftir

endurbætur vorið 2000. Rekstrarkostnaður var 51 millj. kr. á árinu og til kaupa á tækjum og búnaði fóru 50 millj. kr. Gjöld *Þjóðgarðsins á Þingvöllum* voru um 55 millj. kr. og höfðu lækkað um 55 millj. kr. frá árinu 1999, einkum vegna þess að til nýframkvæmda í þjóðgarðinum var varið 24 millj. kr. samanborið við 70 millj. kr. á árinu 1999. Á árinu 1999 runnu 100 millj. kr. til *Lýðveldissjóðs* og lauk starfsemi hans á því ári.

23. Gjöld menntamálaráðuneytis

Gjöld menntamálaráðuneytis námu 22.459 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 1.091 millj. kr. eða 5,1% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 9,8% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 10,7% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að

rekstrargjöld námu 57,9%, rekstrartilfærslur 30,8%, viðhaldskostnaður 1,4%, stofnkostnaður 6,2% og fjármagnstilfærslur 3,7%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld menntamálaráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð %		Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Opinber þjónusta	369	310	60	19,2	374
Grunnskólastig	362	434	-72	-16,5	398
Framhaldsskólastig	6.828	7.032	-203	-2,9	6.769
Æðra skólastig	8.127	7.408	719	9,7	8.479
Önnur fræðslumál ótalin annars staðar	556	553	2	0,4	589
Menningarmál	5.206	4.706	500	10,6	5.334
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.....	444	475	-31	-6,5	459
Annað	567	450	117	25,9	583
Gjöld samtals.....	22.459	21.368	1.091	5,1	22.984
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	19.930	18.835	1.095	5,8	20.187
Rekstrargjöld	13.003	12.558	444	3,5	13.312
Rekstrartilfærslur.....	6.927	6.276	651	10,4	6.875
Viðhaldskostnaður.....	309	208	101	48,7	203
Fjárfesting.....	2.220	2.325	-106	-4,5	2.594
Stofnkostnaður.....	1.384	1.403	-19	-1,3	1.924
Fjármagnstilfærslur.....	836	923	-87	-9,4	670
Gjöld samtals.....	22.459	21.368	1.091	5,1	22.984
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs.....	9,8	10,7	.	.	9,9

Opinber þjónusta. Gjöld þessa málaflokks námu tæplega 2% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 369 millj. kr. á árinu 2000 og nam hækkunin 60 millj. kr. milli ára. Gjöld vegna *alþjóðlegra samskipta* námu 346 millj. kr. og hækkuðu um 51 millj. kr., þar af hækkuðu aðildargjöld ESB um 37 millj. kr. og urðu 261 millj. kr. Gjöld vegna *norrænnar samvinnu* námu 24 millj. kr. og hækkuðu um 9 millj. kr. milli ára.

Grunnskólastig. Gjöld þessa málaflokks námu tæplega 2% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 362 millj. kr. og lækkuðu um 72

millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *Námsgagnastofnunar* voru 246 millj. kr., lækkuðu um 67 millj. kr. frá árinu 1999.

Framhaldsskólastig. Gjöld þessa málaflokks námu 30% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 6.828 millj. kr. sem er 203 millj. kr. lækkuðu milli ára. Mennta-, fjölbrauta-, verkmennta-, iðnskólar og sérskólar á framhaldsskólastigi tilheyra þessum málaflokki. Gjöld flestra skólanna lækkuðu á milli ára og má rekja það til áhrifa af verkfalli framhaldsskólakennara undir lok ársins 2000. Gjöld *Menntaskólans í Kópavogi*

voru 362 millj. kr. eða 122 millj. kr. umfram fjárheimildir og gjöld *Fjölbrautaskólans í Breiðholti* voru 443 millj. kr. eða 98 millj. kr. umfram fjárheimildir. Gjöld *framhaldsskóla, almenn* voru 450 millj. kr. og höfðu hækkað um 138 millj. kr. frá árinu 1999, þar af hækkuðu framlög til nýjunga í skólastarfi um 114 millj. kr. og voru þau 132 millj. kr. á árinu 2000. Gjöld *fasteigna framhaldsskóla* voru 163 millj. kr. og hækkuðu um 135 millj. kr. frá árinu 1999 vegna aukinna viðhaldsverkefna. Gjöld *framhaldsskóla, stofnkostnaður* voru 286 millj. kr., lækkuðu um 186 millj. kr. milli ára. Gjöld *Listdansskólans* voru 53 millj. kr. eða sem nemur um 15 millj. kr. hækkun frá árinu 1999.

Æðra skólastig. Gjöld þessa málaflokks námu 36% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 8.127 millj. kr. á árinu 2000 og var hækkunin 719 millj. kr. frá fyrra ári. Undir þennan málaflokk falla háskólar, Tækniskóli Íslands, Tilraunastöð Háskólans að Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans, Vísindasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Stærstu liðir þessa málaflokks eru Háskóli Íslands og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Gjöld *Háskóla Íslands* námu 3.377 millj. kr., og er það 132 millj. kr. hækkun frá árinu 1999. Framlag til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* var 1.910 millj. kr. og er hækkun milli ára 130 millj. kr. Gjöld *Kennaraháskóla Íslands* voru 751 millj. kr. og var það 96 millj. kr. hækkun milli ára. Gjöld *Háskólans á Akureyri* voru 392 millj. kr., og lækkuðu um 41 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *Tækniskóla Íslands* voru 335 millj. kr., hækkuðu um 38 millj. kr. á milli ára. Framlag til *Listaháskóla Íslands* var 246 millj. kr. og hækkaði um 177 millj. kr. á milli ára. Framlag til *Viðskiptaháskólans í Reykjavík* var 237 millj. kr. og hækkaði um 71 millj. kr. Framlag til *Samvinnuháskólans* á Bifrost var 72 millj. kr. og hækkaði um 15 millj. kr.

Önnur fræðslumál ótalin annars staðar. Gjöld þessa málaflokks námu rúmlega 2% af gjöldum ráðuneytisins. Gjöldin voru 556 millj. kr. og hækkuðu um 2 millj. kr. frá árinu 1999. Þeir liðir sem falla undir þennan málaflokk eru m.a.

aðalskrifstofa ráðuneytisins, Fullorðinsfræðsla fatlaðra og Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld *aðalskrifstofu ráðuneytisins* námu 346 millj. kr. og hækkuðu um 21 millj. kr. milli ára. Gjöld *Fullorðinsfræðslu fatlaðra* námu 83 millj. kr., lækkuðu um 12 millj. kr. milli ára, og gjöld *íslenska upplýsingasamfélagsins* voru 102 millj. kr. eða 11 millj. kr. lægri en árið 1999.

Menningarmál. Gjöld þessa málaflokks námu 23% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 5.206 millj. kr. og er það 500 millj. kr. hækkun á milli ára. Framlag til *Ríkisútvarpsins* var 1.777 millj. kr. og hækkaði um 46 millj. kr. á milli ára. Gjöld vegna *viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana* voru 678 millj. kr. og var það 165 millj. kr. hækkun á milli ára. Framlag til *Þjóðleikhússins* var 444 millj. kr. eða um 78 millj. kr. hækkun frá árinu 1999. Framlög vegna *lista, framlög* voru 498 millj. kr., hækkun um 95 millj. kr. frá árinu 1999. Þar af hækkaði framlag til *Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu* árið 2000 um 50 millj. kr. og varð 100 millj. kr. Gjöld *Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns* voru 321 millj. kr., um 38 millj. kr. hækkun á milli ára og gjöld *Þjóðminjasafns Íslands* voru 165 millj. kr. og höfðu lækkað um 44 millj. kr. frá árinu 1999.

Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins. Gjöld þessa málaflokks námu 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöldin námu 444 millj. kr. og er það 31 millj. kr. lækkan milli ára. Undir þennan málaflokk falla Rannsóknaráð Íslands, Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum, Tæknisjóður, Bygginga- og tækjasjóður og Rannsóknánámsjóður. Gjöld *Bygginga- og tækjasjóðs* voru 29 millj. kr. og er það 41 millj. kr. lækkan frá árinu 1999.

Annað. Gjöld þessa málaflokks námu 2,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 567 millj. kr. eða sem nemur 117 millj. kr. hækkun á milli ára. Framlög til *jöfnunar á námskostnaði* voru 349 millj. kr. og hækkuðu um 109 millj. kr. frá árinu 1999.

24. Gjöld utanríkisráðuneytis

Gjöld utanríkisráðuneytisins námu 4.807 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 1.172 millj. kr. eða 32,3% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 2,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 1,8% árið 1999. Gjöld

ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 63,9%, rekstrartilfærslur 18,9%, viðhaldskostnaður 0,6% og stofnkostnaður 16,5%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld utanríkisráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjálaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Opinber þjónusta	3.450	2.454	996	40,6	3.796
Erlend efnahagsaðstoð	445	402	43	10,8	523
Löggæsla og brunavarnir	226	201	25	12,5	279
Loftsamgöngur	512	415	97	23,3	680
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	174	164	11	6,7	174
Gjöld samtals	4.807	3.635	1.172	32,3	5.452
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður	3.980	3.208	772	24,1	4.264
Rekstrargjöld	3.072	2.497	574	23,0	2.793
Rekstrartilfærslur	908	710	198	27,8	1.471
Viðhaldskostnaður	30	77	-47	-60,4	-14
Fjárfesting	797	350	447	127,5	1.202
Stofnkostnaður	795	345	450	130,5	1.202
Fjármagnstilfærslur	2	6	-4	-63,6	-
Gjöld samtals	4.807	3.635	1.172	32,3	5.452
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	2,1	1,8	.	.	2,3

Opinber þjónusta. Gjöld þessa málaflokks námu 72% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla m.a. aðalskrifstofa ráðuneytisins, sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis, sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli vegna tollgæslu og alþjóðastofnanir. Gjöldin námu 3.450 millj. kr. og er hækkingin milli ára 996 millj. kr. eða 40,6%. Gjöld *aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins* námu 689 millj. kr., hækkingin um 115 millj. kr. milli ára. Gjöld vegna *ýmissa verkefna* voru 322 millj. kr. og höfðu hækkað um 230 millj. kr. frá árinu 1999. Hækkingin má rekja til 305 millj. kr. kostnaðar við þátttöku Íslendinga í heimssýningunni í Hannover samanborið við 74 millj. kr. árið 1999. *Gjöld sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli* vegna tollgæslu námu 245 millj. kr. sem er 45 millj. kr. hækking frá árinu 1999. Til *alþjóðastofnana* runnu 471 millj. kr. og er það 155

millj. kr. hækking frá árinu 1999. Helstu ástæður eru að kostnaður við friðargæslu hækkaði um 53 millj. kr. milli ára og varð 136 millj. kr. á árinu 2000 og til nýs verkefnis, átaks í lækkingu skulda þróunarríkja, runnu 68 millj. kr. Gjöld vegna *sendiráða, almenn* voru 787 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 293 millj. kr. Til kaupa á húsnæði fyrir sendiráð í Tokyo í Japan fóru 570 millj. kr. Stofnkostnaður við sendiráð í Berlín var 47 millj. kr. samanborið við 125 millj. kr. árið 1999. Viðhaldskostnaður við sendiráð lækkaði um 58 millj. kr. milli ára og varð 8 millj. kr. árið 2000 og kostnaður við tæki og búnað lækkaði um 64 millj. kr. milli ára og varð 35 millj. kr. árið 2000.

Erlend efnahagsaðstoð. Gjöld þessa málaflokks námu 9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin voru 445 millj. kr. og nam

hækkunin milli ára 43 millj. kr. Gjöld *Þróunar-samvinnustofnunar Íslands* voru 299 millj. kr. en það er 70 millj. kr. hækkun frá árinu áður. Gjöld vegna *þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi* námu 147 millj. kr. og lækkuðu um 27 millj. kr. á milli ára.

Löggæsla og brunavarnir. Gjöld þessa mála-flokks námu 5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 og eru þau vegna löggæslu og yfir-stjórnar hjá *sýslumanninum á Keflavíkurlflugvelli*. Gjöldin námu 226 millj. kr. og er það 25 millj. kr. hækkun milli ára.

Loftsamgöngur. Gjöld vegna þessa mála-flokks námu 11% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 og eru þau vegna *Flugmálastjórnar á Kefla-víkurlflugvelli*. Gjöldin námu 512 millj. kr. og hækkuðu um 97 millj. kr. milli ára. Hækkunina má meðal annars rekja til aukinnar umferðar um flug-völlinn.

Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins. Gjöld til þessa mála-flokks námu 4% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 og eru þau vegna *Útflutningsráðs Íslands*. Gjöldin námu 174 millj. kr. og hækkuðu um 11 millj. kr. frá árinu 1999.

25. Gjöld landbúnaðarráðuneytis

Gjöld landbúnaðarráðuneytis námu 9.502 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 157 millj. kr. eða 1,7% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 4,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 4,7% árið 1999. Gjöld ráðu-neytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu

16,7%, rekstrartilfærslur 78,1%, stofnkostnaður 2,3% og fjármagnstilfærslur 3,0%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld landbúnaðar-ráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjálaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Framhaldsskólastig.....	396	342	54	15,8	310
Landbúnaðarmál.....	8.695	8.715	-20	-0,2	8.557
Skógræktarmál.....	412	289	123	42,6	240
Gjöld samtals.....	9.502	9.346	157	1,7	9.107
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	9.011	8.836	175	2,0	8.616
Rekstrargjöld.....	1.585	1.458	127	8,7	1.120
Rekstrartilfærslur.....	7.426	7.378	48	0,6	7.496
Viðhaldskostnaður.....	-9	20	-29	.	62
Fjárfesting.....	501	489	12	2,4	428
Stofnkostnaður.....	217	250	-33	-13,1	113
Fjármagnstilfærslur.....	283	239	44	18,6	314
Gjöld samtals.....	9.502	9.346	157	1,7	9.107
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs.....	4,1	4,7	.	.	3,9

Framhaldsskólastig. Gjöld til þessa málaflokks námu 4% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla búaðarskólar. Gjöldin námu 396 millj. kr. og hækkuðu um 54 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri* voru 140 millj. kr. og voru um 2 millj. kr. lægri en árið 1999. Gjöld *Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal* voru 150 millj. kr., og hækkuðu um 26 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Garðyrkjuskóla ríkisins* voru 106 millj. kr. Hækkun á milli ára nam um 30 millj., þar af var 21 millj. kr. hækkun vegna stofnkostnaðar við garðyrkjumiðstöð.

Landbúnaðarmál. Gjöld til þessa málaflokks námu 92% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla stofnanir sem tengjast landbúnaði og greiðslur vegna búvöruframleiðslu. Gjöldin námu 8.695 millj. kr. og var lækkun um 20 millj. kr. á milli ára. Gjöld liðarins *Ýmis verkefni* námu 121 millj. kr. og lækkuðu um 92 millj. kr. á milli ára. Helsta ástæðan er að styrkir til að bæta samkeppnisstöðu innlendra graskögglaframleiðslu lækkuðu úr 116 millj. kr. á árinu 1999 í 13 millj. kr. á árinu 2000. *Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu* voru 3.597 millj. kr., hækkun um 132 millj. kr. á milli ára og stafar hún af hækkunum á beinum greiðslum ríkisins til bænda. *Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu* voru 2.340 millj. kr. og lækkuðu um 42 millj. kr. frá árinu

1999. Helstu breytingar voru að beinar greiðslur til bænda hækkuðu um 71 millj. kr., niðurgreiðslur á ull og gærum hækkuðu um 47 millj. kr. en vaxta- og geymslukostnaður lækkaði um 142 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *Yfirdýralæknis* voru 323 millj. kr., og höfðu hækkað um 44 millj. kr. frá árinu 1999. Framlag til *Fóðursjóðs* nam 378 millj. kr. og hækkaði um 68 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins* námu 84 millj. kr., lækkuðu um 169 millj. kr. frá árinu 1999 og skýrist lækkunin aðallega af minni kaupum á jörðum og mannvirkjum á þeim.

Skógræktarmál. Gjöld til þessa málaflokks námu 4% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla átaksverkefni í skógrækt, landshlutabundin skógrækt og hluti af starfsemi Skógræktar ríkisins. Gjöldin námu 412 millj. kr. og hækkuðu um 123 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Skógræktar ríkisins* voru 147 millj. kr. og hækkuðu um 49 millj. kr. á milli ára. Gjöld *landshlutabundinnar skógræktar* voru 97 millj. kr., hækkun um 67 millj. kr. frá árinu 1999. Á árinu 1999 var eingöngu um Suðurlandsskóga að ræða og hækkuðu gjöld vegna þeirra úr 30 millj. kr. 1999 í 42 millj. kr. á árinu 2000. Á árinu 2000 bættust við Vesturlandsskógar með 15 millj. kr. gjöld, Skjólsskógar á Vestfjörðum með 16 millj. kr. gjöld og Norðurlandsskógar með 24 millj. kr. gjöld.

26. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis

Gjöld sjávarútvegsráðuneytis námu 2.508 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 3 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld ráðuneytisins námu 1,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 1,3% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu

64,8%, rekstrartilfærslur 7,5%, viðhaldskostnaður 0,3%, stofnkostnaður 1,9% og fjármagnstilfærslur 25,5%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld sjávarútvegsráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Sjávarútvegsmál.....	2.508	2.505	3	0,1	3.245
Gjöld samtals.....	2.508	2.505	3	0,1	3.245
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	1.814	1.636	178	10,9	2.222
Rekstrargjöld.....	1.626	1.459	167	11,4	1.959
Rekstrartilfærslur.....	188	177	11	6,2	263
Viðhaldskostnaður.....	7	28	-21	-75,3	9
Fjárfesting.....	687	841	-154	-18,3	1.014
Stofnkostnaður.....	47	87	-39	-45,3	385
Fjármagnstilfærslur.....	640	755	-115	-15,2	630
Gjöld samtals.....	2.508	2.505	3	0,1	3.245
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs.....	1,1	1,3	.	.	1,4

Sjávarútvegsmál. Undir þennan málaflokk falla allar stofnanir ráðuneytisins. Gjöldin námu 2.508 millj. kr. og nam hækkun á milli ára um 3 millj. kr. Gjöld *Hafrannsóknastofnunnar* voru 853 millj. kr. og höfðu hækkað um 100 millj. kr. frá

árinu 1999. Gjöld *Fiskistofu* voru 443 millj. kr., og hækkuðu um 46 millj. kr. frá fyrra ári. Gjöld *Byggingarsjóðs hafrannsóknaskips* lækkuðu frá fyrra ári um 124 millj. kr.

27. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis námu 11.574 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 777 millj. kr. eða 7,2% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 5,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 5,4% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-

gjöld námu 75,0%, rekstrartilfærslur 20,4%, viðhaldskostnaður 0,3%, stofnkostnaður 3,8% og fjármagnstílfærslur 0,6%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Löggæsla og brunavarnir.....	5.191	4.918	274	5,6	5.315
Dómstólar.....	1.179	973	207	21,2	1.182
Fangelsi.....	495	503	-8	-1,6	529
Önnur réttar- og öryggismál	1.600	1.578	23	1,4	1.585
Menningarmál	3.019	2.763	256	9,3	3.040
Annað	89	63	26	40,7	51
Gjöld samtals.....	11.574	10.797	777	7,2	11.702
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	11.035	10.299	735	7,1	11.056
Rekstrargjöld	8.677	8.164	513	6,3	8.711
Rekstrartilfærslur.....	2.358	2.136	222	10,4	2.345
Viðhaldskostnaður	37	39	-2	-5,6	65
Fjárfesting	502	458	44	9,6	581
Stofnkostnaður	436	403	33	8,2	547
Fjármagnstílfærslur	66	55	11	19,3	35
Gjöld samtals.....	11.574	10.797	777	7,2	11.702
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	5,1	5,4	.	.	5,0

Löggæsla og brunavarnir. Gjöld til þessa málaflokks námu 45% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 5.191 millj. kr. og hækkuðu þau á milli ára um 274 millj. kr. Undir þennan málaflokk falla löggæslustofnanir, kostnaður sýslumanns-embættanna við löggæslu og Landhelgisgæsla Íslands. Gjöld *Lögreglustjórans í Reykjavík* voru 1.594 millj. kr. lækkuðu frá fyrra ári um 29 millj. kr. Lækkunin skýrist af verkefnum sem flutt voru til Ríkislögreglustjóra. Gjöld *Ríkislögreglustjóra* voru 528 millj. kr., hækkuðu um 204 millj. kr. frá árinu 1999. Almennur rekstrarkostnaður hækkaði um 82 millj. kr., m.a. vegna verkefna sem embættið tók við frá Lögreglustjóranum í Reykjavík, en sérsveit og fjarskiptamiðstöð færðust milli embættanna. Gjöld vegna tækja og búnaðar urðu

68 millj. kr. en embættið tók við umsjón með ráðstöfun fjárveitinga vegna tækja og búnaðar lögreglunnar á landsvísu af safnlið ráðuneytisins, Ýmis löggæslumál. Jafnframt tók embættið við rekstri lögreglubifreiða á landsvísu og leigir embættunum lögreglubifreiðar. Kaup og sala á lögreglubifreiðum fluttist einnig yfir til Ríkislögreglustjóra. Gjöld vegna þessa umfram leigutekjur voru 53 millj. kr. á árinu 2000, en miðað er við leigutekjur af lögreglubifreiðum eigi að standa undir rekstrar- og stofnkostnaði bifreiðanna. Gjöld *ýmissa löggæslumála* voru 9 millj. kr. og lækkuðu um 164 millj. kr. frá árinu 1999, einkum vegna flutnings á verkefnum til Ríkislögreglustjóra. Gjöld *Lögregluskóla ríkisins* voru 94 millj. kr. og hækkuðu um 17 millj. kr. á milli

ára. Hækkunin skýrist af auknum kostnaði við lögreglunema, en skólinn greiðir laun þeirra og annan tengdan kostnað. Gjöld *Landhelgisgæslu Íslands* voru 898 millj. kr., hækkuðu um 56 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *Útlendingaeftirlitsins* voru 81 millj. kr. og hækkuðu um 36 millj. kr. á milli ára. Gjöld *sýslumannsembætta* vegna lög-gæslu voru 1.509 millj. kr. á árinu 2000 og nam hækkunin um 51 millj. kr. frá árinu 1999. *Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* var 183 millj. kr. og hækkaði frá árinu 1999 um 34 millj. kr., þar af hækkaði kostnaður við tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytis um 22 millj. kr. og varð 49 millj. kr. á árinu 2000. Gjöld vegna *húsnæðis og búnaðar sýslumanna* var 167 millj. kr. og hækkaði um 77 millj. kr. frá árinu 1999. Til húsnæðis sýslumannsins í Stykkishólmi runnu 97 millj. kr. á árinu 2000 en á árinu 1999 fóru til þess 40 millj. kr. og gjöld vegna upplýsingakerfa sýslumanna námu 47 millj. kr. á árinu 2000 samanborið við 15 millj. kr. árið 1999.

Dómstólar. Gjöld til þessa málaflokks námu 10% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 1.179 millj. kr. og hækkuðu um 207 millj. kr. eða 21,2% á milli ára. Undir þennan málaflokk falla Hæstiréttur, héraðsdómstólar, málskostnaður í opinberum málum, opinber réttar-aðstoð og aðalskrifstofa dóms- og kirkju-málaráðuneytis. Gjöld *Héraðsdómstóla* voru 533 millj. kr., hækkun um 32 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis* voru 184 millj. kr. eða sem nemur 3 millj. kr. lækkun á milli ára. Gjöld *Hæstaréttar* lækkuðu um 6 millj. kr. og voru 50 millj. kr. á árinu 2000. Gjöld vegna *málskostnaðar í opinberum málum* voru 236 millj. kr. og hækkuðu um 148 millj. kr. frá árinu 1999.

Fangelsi. Gjöld til þessa málaflokks námu 4% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 495 millj. kr., lækkun um 8 millj. kr. eða um 1,6% á milli ára. Gjöld *Fangelsismálastofnunar ríkisins* voru 491 millj. kr. og hækkuðu um 21 millj. kr. frá árinu 1999. Framlög til *fangelsis-bygginga* lækkuðu um 28 millj. kr. á milli ára og voru 4 millj. kr. árið 2000.

Önnur réttar- og öryggismál. Gjöld til þessa málaflokks námu 14% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 1.600 millj. kr. og hækkuðu um 23 millj. kr. eða 1,4% á milli ára. Helstu liðir undir þessum málaflokki er yfirstjórn sýslumannsembættanna. Gjöld vegna liðarins *kosningar* lækkuðu úr 34 millj. kr. árið 1999 í 2 millj. kr. á árinu 2000. Gjöld *Umferðaráðs* voru 103 millj. kr., hækkun um 21 millj. kr. frá árinu 1999.

Meningarmál. Gjöld til þessa málaflokks námu 26% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 3.019 millj. kr. og hækkuðu um 256 millj. kr. eða um 9,3% á milli ára. Gjöld embættis *Biskups Íslands* voru 773 millj. kr. og hækkuðu um 42 millj. kr. frá árinu 1999. *Sóknargjöld* voru 1.311 millj. kr., hækkuðu um 122 millj. kr. á milli ára og *kirkjugarðsgjöld* voru 548 millj. kr., hækkun um 61 millj. kr.

Annað. Gjöld til þessa málaflokks námu tæplega 1% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 89 millj. kr. og hækkuðu um 26 millj. kr. eða 40,7% á milli ára. Undir þennan málaflokk fellur tollgæsla hjá sýslumanns-embættum.

28. Gjöld félagsmálaráðuneytis

Gjöld félagsmálaráðuneytis námu 11.266 millj. kr. á árinu 2000, lækkuðu um 217 millj. kr. á milli ára eða um 1,9%. Gjöldin námu 4,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 5,8% árið 1999. Gjöldin skiptust

þannig að rekstrargjöld námu 29,1%, rekstrar- tilfærslur 64,7%, viðhaldskostnaður 0,6%, stofn- kostnaður 1,2% og fjármagnstilfærslur 4,4%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld félagsmála- ráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Almannatryggingar	1.438	2.127	-689	-32,4	1.441
Velferðarmál	4.581	4.119	462	11,2	4.464
Húsnæðis- og skipulagsmál	122	263	-142	-53,8	118
Almenn launa- og atvinnumál	640	604	36	6,0	733
Önnur útgjöld ríkissjóðs	4.200	4.083	117	2,9	4.200
Annað	287	288	-2	-0,6	287
Gjöld samtals.....	11.266	11.483	-217	-1,9	11.243
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	10.571	10.714	-143	-1,3	10.570
Rekstrargjöld	3.280	3.143	137	4,4	3.487
Rekstrartilfærslur.....	7.291	7.571	-280	-3,7	7.082
Viðhaldskostnaður	68	20	49	247,7	-
Fjárfesting	627	750	-123	-16,4	673
Stofnkostnaður	133	171	-38	-22,3	308
Fjármagnstilfærslur	494	579	-85	-14,7	365
Gjöld samtals.....	11.266	11.483	-217	-1,9	11.243
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	4,9	5,8	.	.	4,8

Almannatryggingar. Gjöld þessa málaflokks námu 13% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 1.438 millj. kr. og lækkuðu um 689 millj. kr. eða 32,4% á milli ára. *Atvinnuleysistrygginga- sjóður* fellur undir þennan málaflokk og voru gjöldin 1.289 millj. kr. sem er lækkun um 646 millj. kr. frá árinu 1999 og skýrist af minnkandi atvinnuleysi.

Velferðarmál. Gjöld þessa málaflokks námu 41% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 4.581 millj. kr. og hækkuðu um 462 millj. kr. eða 11,2% milli ára. Undir þennan málaflokk fellur aðalskrifstofa ráðuneytisins sem og svæðisstjórnir um málefni fatlaðra í kjördæmum landsins og aðrar stofnanir sem vinna að málefnum fatlaðra. Gjöld *málefna fatlaðra, Reykjavík* voru 805 millj. kr. á árinu 2000, hækkuðu um 100 millj. kr. frá árinu

1999. Gjöld *málefna fatlaðra, Reykjanesi* voru 608 millj. kr., hækkuðu um 73 millj. kr. milli ára. Gjöld *málefna fatlaðra, Norðurlandi eystra* voru 389 millj. kr., hækkuðu um 51 millj. kr. Framlag til *Styrktarfélags vangefinna* var 353 millj. kr. á árinu 2000 sem er 79 millj. kr. hækkun frá árinu 1999. Gjöld *Barnaverndarstofu* voru 484 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 120 millj. kr. frá árinu 1999, einkum vegna nýrra vistheimila. Gjöld *Erfðafjár sjóðs* voru 21 millj. kr. á árinu 2000 sem er 121 millj. kr. lækkun milli ára. Gjöld *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* voru 296 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 50 millj. kr. frá árinu 1999.

Húsnæðis- og skipulagsmál. Gjöld þessa málaflokks námu 1% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 122 millj. kr. og lækkuðu um 142 millj. kr. eða 53,8% milli ára.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Framlag til *Íbúðalánasjóðs, leiguíbúða* var 100 millj. kr. á árinu 2000 og er það um 143 millj. kr. lækkun frá árinu 1999.

Almenn launa- og atvinnumál. Gjöld þessa málaflokks námu 6% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 640 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 36 millj. kr. eða um 6,0%. Undir þennan málaflökk falla meðal annars. Vinnumálastofnun, Vinnueftirlit ríkisins, Ríkissáttasemjari og jafnréttisstofnanir. Gjöld *Ríkissáttasemjara* voru 74 millj. kr. og hækkuðu um 54 millj. kr. frá árinu 1999. Aukin gjöld má meðal annars rekja til kostnaðar við nýtt húsnæði embættisins, bæði rekstrar- og stofnkostnaðar. Ný stofnun, *Jafnréttisstofa*, sem tekur við verkefnum *Jafnréttisráðs*, tók til starfa á seinni hluta árs 2000. Gjöld *Jafnrétt-*

isstofu voru 14 millj. kr. og gjöld *Jafnréttisráðs* voru 31 millj. kr. eða 6 millj. kr. lægri en á árinu 1999.

Önnur útgjöld ríkissjóðs. Gjöld þessa málaflokks eru öll vegna *Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga* og námu þau 37% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 4.200 millj. kr. og hækkuðu um 117 millj. kr. eða 2,9% frá árinu 1999.

Annað. Gjöld þessa málaflokks námu tæplega 3% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 287 millj. kr. og lækkðu þau um 2 millj. kr. eða 0,6% milli ára. Undir þennan málaflökk fellur 265 millj. kr. framlag til *Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga* vegna einsetningar grunnskóla.

29. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis námu 78.479 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 5.858 millj. kr. eða 8,1% frá árinu 1999. Gjöld ráðuneytisins námu 34,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 36,5% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust

þannig að rekstrargjöld námu 44,1%, rekstrartilfærslur 53,8%, viðhaldskostnaður 0,3%, stofnkostnaður 1,4% og fjármagnstilfærslur 0,3%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Sjúkrahúsapjónusta	35.388	34.231	1.157	3,4	35.063
Heilsugæsla.....	8.815	7.626	1.189	15,6	8.670
Lyf og hjálpartæki	5.648	5.573	75	1,3	5.641
Önnur heilbrigðismál.....	1.358	1.200	158	13,1	1.337
Almannatryggingar.....	26.539	23.280	3.259	14,0	26.520
Velferðarmál	731	711	20	2,8	663
Gjöld samtals.....	78.479	72.621	5.858	8,1	77.895
Viðfangsefnaflökkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	76.840	69.042	7.799	11,3	76.352
Rekstrargjöld	34.608	31.792	2.816	8,9	33.801
Rekstrartilfærslur.....	42.232	37.249	4.983	13,4	42.551
Viðhaldskostnaður	269	484	-215	-44,4	189
Fjárfesting	1.369	3.095	-1.725	-55,8	1.353
Stofnkostnaður	1.097	2.833	-1.736	-61,3	1.093
Fjármagnstilfærslur	272	262	11	4,0	261
Gjöld samtals.....	78.479	72.621	5.858	8,1	77.895
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	34,3	36,5	.	.	33,4

Sjúkrahúsþjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu 45% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 35.388 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 1.157 millj. kr. eða um 3,4%. Undir þennan málaflökk falla sjúkrahús, hjúkrunar- og dvalarheimili og sjúkrasvið heilbrigðisstofnana. Í ársbyrjun 2000 tók Landspítalinn – Háskólasjúkrahús til starfa með sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Hin sameinaða stofnun tók jafnframt yfir fjárlagaliðinn Sjúkrahús í Reykjavík. Gjöld *Landspítala – Háskólasjúkrahúss* voru 18.945 millj. kr. á árinu 2000, sem er 371 millj. kr. umfram fjárheimildir. Gjöld stofnananna á árinu 1999 voru 17.861 millj. kr. og nemur hækking á milli ára því 1.084 millj. kr. Á liðnum *sjúkrahúsum*, *óskipt* voru færðar 14 millj. kr. tekjur á árinu 2000, en á árinu 1999 voru gjöldin 1.622 millj. kr., þannig að lækking á milli ára er 1.636 millj. kr. Færslan á árinu 2000 er leiðrétting á gjaldfærðum stofnkostnaði á árinu 1999, en þá voru gjaldfærðar 1.615 millj. kr. vegna yfirtöku eigna Sjúkrahúss Reykjavíkur í framhaldi af samningi milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar um að ríkissjóður taki yfir rekstur og eignir sjúkrahússins. Gjöld *Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri* voru 2.228 millj. kr. og hækkuðu um 157 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *daggjaldastofnana* voru 3.700 millj. kr., hækkuðu um 613 millj. kr. milli ára. Gjöld *Heilbrigðisstofnunar Austurlands*, sem tók yfir rekstur heilbrigðisstofnana á Austurlandi, voru 587 millj. kr. á árinu 2000 en gjöld samsvarandi stofnana námu 518 millj. kr. á árinu 1999.

Heilsugæsla. Gjöld til þessa málaflokks námu 11% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 8.815 millj. kr. og hækkuðu á milli ára um 1.189 millj. kr. eða 15,6%. Helstu liðir undir þessum málaflökki eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana ásamt hluta sjúkratrygginga. Hluti *sjúkratrygginga* í þessum málaflökki var 4.177 millj. kr. og hækkaði um 543 millj. kr. milli ára. Kostnaður sjúkratrygginga er vegna lækniþjónustu, þjálfunar og tannlækninga. Gjöld *heilsugæslunnar í Reykjavík* voru 1.158 millj. kr., hækkuðu um 168 millj. kr. milli ára. Gjöld *Reynslusveitarfélagsins Akureyri* voru 263 millj. kr. og hækkuðu um 93 millj. kr. frá árinu 1999.

Lyf og hjálpartæki. Gjöld til þessa málaflokks námu 7% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 5.648 millj. kr. og hækkuðu um 75 millj. kr.

eða 1,3% á milli ára. Undir þennan málaflökk falla eftirlitsstofnanir vegna lyfjamála og hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði og hjálpartækjum. Gjöld *sjúkratrygginga* í þessum málaflökki námu 5.550 millj. kr. og hækkuðu um 98 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Lyfjaeftirlits ríkisins* voru 25 millj. kr. og lækkuðu um 36 millj. kr. frá árinu 1999.

Önnur heilbrigðismál. Gjöld til þessa málaflokks námu tæplega 2% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 1.358 millj. kr. og hækkuðu um 158 millj. kr. eða 13,1% á milli ára. Undir þennan málaflökk fellur aðalskrifstofa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, embætti landlæknis og héraðslækna ásamt ýmsum sameiginlegum kostnaði við heilbrigðismál. Gjöld *landlæknis* voru 161 millj. kr., hækking um 31 millj. kr. á milli ára. Gjöld *íslenska upplýsingasamfélagsins* hækkuðu um 21 millj. kr. frá árinu 1999 og urðu 33 millj. kr. á árinu 2000.

Almannatryggingar. Gjöld til þessa málaflokks námu 34% af gjöldum ráðuneytisins eða 26.539 millj. kr. og hækkuðu um 3.259 millj. kr. eða um 14,0% á milli ára. Undir þennan málaflökk falla lífeyristryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, slysatryggingar, eftirlaunastjóður aldraðra og hluti sjúkratrygginga. Gjöld *lífeyristrygginga* voru 20.258 millj. kr. og hækkuðu um 2.728 millj. kr. á milli ára. Tekjutrygging elli- lífeyrisþega var 6.507 millj. kr. og hækkaði um 289 millj. kr. frá árinu 1999. Ellilífeyrir var 5.004 millj. kr. og hækkaði milli ára um 365 millj. kr. Tekjutrygging örorkulífeyrisþega var 3.648 millj. kr. og hækkaði um 1.337 millj. kr. milli ára, þar af eru 1.065 millj. kr. kostnaður af dómi Hæstaréttar vegna örorkulífeyrisþega. Örorkulífeyrir var 1.981 millj. kr. og hækkaði milli ára um 287 millj. kr. Annar kostnaður lífeyristrygginga var 256 millj. kr. og hækkaði um 201 millj. kr. frá árinu 1999, þar af eru vaxtagjöld vegna dóms Hæstaréttar 172 millj. kr. Til *bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð* fóru 5.443 millj. kr. og hækkaði um 533 millj. kr. á milli ára. Uppbætur voru 2.135 millj. kr. og hækkuðu um 177 millj. kr. milli ára. Heimilisuppbót varð 1.678 millj. kr., hækking um 122 millj. kr. frá fyrra ári. Umönnunarbætur voru 710 millj., hækking um 98 millj. kr. á milli ára. Endurhæfingarlífeyrir var 268 millj. og hækkaði um 89 millj. kr., þar af voru 57 millj. kr. vegna dóms Hæstaréttar. Vegna *slysatrygginga* voru gjaldfærðar 419

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar


millj. kr. og var það hækkun um 25 millj. kr. á milli ára.

Velferðarmál. Gjöld til þessa málaflokks námu 1% af gjöldum ráðuneytisins eða 731 millj. kr. og


hækkuðu þau um 20 millj. kr. eða um 2,8% á milli ára. Undir þennan málaflökk fellur rekstur Tryggingastofnunar ríkisins og Forvarnasjóður. Gjöld Tryggingastofnunar voru 663 millj. kr. og hækkuðu um 19 millj. kr. á milli ára.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Lífeyristryggingar					
Ellilífeyrir	5.004	4.639	365	7,9	5.004
Örorkulífeyrir.....	1.981	1.694	287	16,9	1.981
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.507	6.218	289	4,7	6.507
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.648	2.311	1.337	57,8	3.648
Örorkustyrkir	144	215	-71	-33,1	144
Barnalífeyrir	1.080	920	160	17,4	1.080
Fæðingarorlof.....	1.638	1.478	160	10,8	1.638
Annað.....	256	55	201	367,6	256
Lífeyristryggingar samtals.....	20.258	17.530	2.728	15,6	20.258
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð					
Mæðra- og feðralaun	219	204	15	7,5	219
Umönnunarbætur.....	710	612	98	16,1	710
Makabætur.....	31	30	1	3,4	31
Ekkju- og ekkilsbætur	58	63	-5	-8,4	58
Endurhæfingarlífeyrir.....	268	179	89	49,9	268
Barnalífeyrir vegna menntunar.....	58	57	2	2,8	58
Heimilisuppbót.....	1.678	1.557	122	7,8	1.678
Sérstök heimilisuppbót	145	139	6	4,2	145
Uppbætur.....	2.135	1.958	177	9,0	2.135
Bifreiðakaupastyrkir	140	112	29	25,7	122
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, samtals	5.443	4.910	533	10,9	5.424
Sjúkratryggingar					
Daggjaldastofnanir *).....	3.700	3.087	613	19,9	3.700
Lækniskostnaður	2.404	2.047	357	17,4	2.404
Lyf	4.726	4.708	18	0,4	4.726
Hjálpartæki.....	824	744	80	10,8	824
Hjúkrun í heimahúsum	93	74	19	26,3	93
Þjálfun	811	662	149	22,6	811
Tannlækningar.....	962	926	36	3,9	962
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	107	87	20	22,8	107
Brýn meðferð erlendis.....	544	235	308	130,9	544
Sjúkrakostnaður v/veikinda og slysa erlendis	104	48	56	117,3	104
Sjúkradagpeningar.....	218	226	-8	-3,5	218
Annað.....	81	109	-29	-26,1	81
Sjúkratryggingar samtals	14.573	12.952	1.621	12,5	14.573
*) Daggjaldastofnanir					
Vistgjöld á stofnunum	4.048	3.432	616	17,9	4.048
Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra	-300	-289	-11	3,8	-300
Greiðslur frá vistmönnum.....	-48	-56	8	-14,8	-48
Daggjaldastofnanir samtals	3.700	3.087	613	19,9	3.700>


Skipting lífeyristrygginga 2000, %



Skipting félagslegrar aðstoðar 2000, %



Skipting sjúkratrygginga 2000, %



30. Gjöld fjármálaráðuneytis

Gjöld fjármálaráðuneytisins námu 48.981 millj. kr. og hækkuðu um 18.550 millj. kr. eða um 61% frá árinu 1999. Gjöld ráðuneytisins námu um 21,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 15,3% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu

9,5%, lífeyrisskuldbindingar 48,2%, rekstrartilfærslur 40,5%, viðhaldsskostnaður 0,7% og stofnkostnaður 1,1%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld fjármálaráðuneytis á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Opinber þjónusta	3.949	3.833	116	3,0	4.431
Önnur almenn opinber þjónusta	753	825	-71	-8,7	838
Almannatryggingar	8.094	7.983	110	1,4	8.094
Önnur útgjöld ríkissjóðs	35.668	17.621	18.048	102,4	35.766
Annað	517	169	348	205,7	626
Gjöld samtals.....	48.981	30.431	18.550	61,0	49.754
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður	48.050	29.217	18.832	64,5	48.974
Rekstrargjöld	4.639	4.951	-312	-6,3	16.538
Lífeyrisskuldbindingar	23.595	11.445	12.149	106,2	23.595
Rekstrartilfærslur	19.816	12.821	6.995	54,6	8.842
Viðhaldskostnaður	366	287	79	27,4	-21
Fjárfesting	566	926	-361	-38,9	801
Stofnkostnaður	564	906	-342	-37,8	791
Fjármagnstilfærslur	2	20	-19	-92,5	10
Gjöld samtals.....	48.981	30.431	18.550	61,0	49.754
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	21,4	15,3	.	.	21,3

Opinber þjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu 8% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 3.949 millj. kr. og hækkuðu um 116 millj. kr. eða um 3,0% frá árinu 1999. Helstu liðir undir þessum málaflokki eru aðalskrifstofa fjármálaráðuneytis, Ríkisbókhald, Lánasýsla ríkisins, stofnanir skatta- og tollakerfis og rekstur tölvu-kerfa ríkisins. Gjöld *Tollstjórans í Reykjavík* voru 657 millj. kr., hækkuðu um 80 millj. kr. frá árinu 1999. Gjöld *Lánasýslu ríkisins* voru 21 millj. kr. og er það lækkun um 68 millj. kr. á milli ára.

Önnur almenn opinber þjónusta. Gjöld til þessa málaflokks námu 1,5% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 753 millj. kr. og lækkuðu um 71 millj. kr. eða um 8,7% frá árinu 1999. Undir þennan málaflokk falla *Fasteignamat*

ríkisins, Ríkiskaup, fasteignir ríkissjóðs og rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Gjöld *Fasteignamats ríkisins* voru 320 millj. kr. og hækkaðu um 106 millj. kr. frá árinu 1999, þar af voru 47 millj. kr. vegna kaupa á tækjum og búnaði í nýtt húsnæði. Gjöld *fasteigna ríkissjóðs*, sem sjá um rekstur ýmissa fasteigna í eigu ríkisins, voru 117 millj. kr. og er það um 75 millj. kr. hækkun frá árinu 1999. Kostnaður við *ýmsar fasteignir ríkissjóðs*, en það eru kaup á fasteignum og framkvæmdir, nam 306 millj. kr. og er það lækkun um 233 millj. kr. frá árinu 1999.

Almannatryggingar. Gjöld til þessa málaflokks námu tæplega 17% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 8.094 millj. kr. og hækkuðu um 110 millj. kr. eða um 1,4% frá árinu

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

1999. Undir þennan málaflokk falla barnabætur og vaxtabætur. *Vaxtabætur* voru 4.308 millj. kr. og er það um 359 millj. kr. hækkun á milli ára. *Barnabætur* voru 3.702 millj. kr. sem er 240 millj. kr. lækkun frá árinu 1999.

Önnur útgjöld ríkissjóðs. Gjöld til þessa málaflokks námu 73% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu alls 35.668 millj. kr. og hækkuðu um 18.048 millj. kr. á milli ára. Helstu liðir undir þessum málaflokki eru lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun, afskriftir skattkrafna og fjármagnstekjuskattur. Hækkun á milli ára skýrist af mikilli hækkun lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna.

Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs fela í sér reiknaðar skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við niðurstöður matsins um áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar gjaldfærast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar um endurmatsreikning. Við mat á almennum launa-

breytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar.

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs miðast meðal annars við eftirtaldir almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkanir; íslenskar lífslíkur samkvæmt reynslu árána 1991-1995; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur hjá öðrum en lífeyrisþegum, en hjá þeim er miðað við raunverulega hjúskaparstöðu; viðmiðun við danskar örorkulíkur í skrifstofustörfum þar sem íslenskar tölur eru ekki tiltækar. Við matið er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH).

Lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun A-hluta aðila færast að mestu hjá fjármálaráðuneyti. Stofnanir greiða viðbótariðgjald til B-deildar LSR og LH og eru þær greiðslur gjaldfærðar hjá viðkomandi stofnunum og lækkar gjaldfærslan hjá fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Eftirfarandi yfirlit sýnir lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs gagnvart hinum ýmsu lífeyrissjóðum árin 1999 og 2000.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Lífeyrisskuldbindingar					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)	23.296	8.070	15.226	...	6.321
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH)	1.640	18	1.622	...	657
Lífeyrissjóður alþingismanna	-126	473	-599	...	153
Lífeyrissjóður ráðherra	-7	303	-310	...	21
Eftirl.sjóður fyrrv. starfsmanna Útvegsbanka Ísl.	-64	13	-77	...	128
Eftirl.sjóður fyrrv. bankastjóra Útvegsbanka Ísl.	0	-51	51	...	20
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga.....	80	4.000	-3.920	...	-
Annað	57	48	32	...	55
Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs samtals	24.877	12.873	12.025	...	7.355
– Fært hjá stofnunum vegna viðbótariðgjalds	-1.282	-1.427	145		-1.300
Frumvarp til lokafjárlaga 2000	17.540
Lífeyrisskuldbindingar færðar á fjármálaráðuneyti	23.595	11.445	12.170	...	23.595

Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2000 námu alls 24.877 millj. kr., þar af færast 23.595 millj. kr. hjá fjármálaráðuneyti og 1.282 millj. kr. hjá stofnunum vegna greiðslna á viðbótariðgjöldum. Hækkun á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs var veruleg á milli ára eða 12.003 millj. kr. Í fjárlögum ársins 2000 var gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga áætluð 7.355 millj. kr. Kjarasamningar grunnskólakennara og framhaldsskólakennara í lok árs 2000 og byrjun árs 2001 fólu í sér gagnngerar breytingar á launakerfi þeirra sem höfðu bein áhrif á lífeyrisréttindi þessara starfsstétta. Á árinu 2000 nam gjaldfærsla ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara um 11.500 millj. kr. og um 2.600 millj. kr. vegna framhaldsskólakennara.

Í skýringu 45 er gerð frekari grein fyrir lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs á árinu 2000.

Afskriftir skattkrafna námu 11.350 millj. kr. á árinu 2000 samanborið við 4.542 millj. kr. árið á undan. Mikil hækkun á milli ára skýrist af gagngerri endurskoðun sem var gerð á eftirstöðvum fyrri ára. Á undanförunum árum hafa innheimtu- og álagningarkerfi ríkisins verið endurnýjuð og veita þau mun betri yfirsýn yfir stöðu gjaldanda. Við mat á eftirstöðvum í árslok 2000 var unnt að haga yfirferðinni með markvissari hætti en áður og taka tillit til fleiri þátta. Í því samhengi nægir að nefna að til þessa hefur yfirferðin takmarkast við einn gjaldstofn í senn og þá aðeins litið til þeirra sem hafa skuldað umfram tiltekna fjárhæð. Í breyttu umhverfi eru öll gjöld hjá viðkomandi gjaldanda lögð til grundvallar samtímis og engar fjárhæðartakmarkanir eru settar. Afskriftagrunnurinn í árslok 2000 er því verulega víðtækari en áður og er niðurstaða ársins 2000 í samræmi við það. Miklar afskriftir á árinu 2000 fela meðal annars í sér töluvert af eins skiptis leiðréttingu á ofmetnum eftirstöðvum fyrri ára. Á árinu 2001 verður unnið enn frekar að þessu verkefni.

Að öðru leyti er almennt miðað við að útistandandi kröfur ríkissjóðs eru yfirfarnar með reglubundnum hætti og þær metnar með tilliti til áhættu. Kröfur eru afskrifaðar *beinni afskrift* þegar þær eru taldar sannanlega tapaðar. Við mat á því hvort krafa telst töpuð er horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Almennt gildir að við beina afskrift er talið útilokað að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa.

Jafnframt er bókfært verðmæti krafna endurmetið í efnahagsreikningi ríkissjóðs og þær kröfur niðurfærðar sem ekki er talið líklegt að innheimtist. Vitað er að ákveðinn hluti krafna á hverjum tíma mun ekki innheimtast þó að ekki sé talið tímabært að afskrifa þær hjá gjaldanda. Því hefur verið beitt svonefndri *óbeinni afskrift* í reikningsskilunum. Óbein afskrift felur í sér að kröfur eru niðurfærðar um þá fjárhæð sem talið er líklegt að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru kröfur sem lýst hefur verið í þrotabú skoðaðar sérstaklega. Einnig eru kannaðar kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir. Þetta er óhjákvæmilegt til að reyna að fyrirbyggja ofmat á kröfum ríkissjóðs.

Við niðurfærslu eftirstöðva í árslok 2000 voru skuldir þeirra sem eru í gjaldþrotaskiptum eða skiptum er lokið hjá færðar niður um 80% og vanskil kaupgreiðenda á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds. Sama var gert í árslok 1999. Ennfremur eru eins og áður færðar niður kröfur sem taldar eru óinnheimtanlegar enda þótt viðkomandi gjaldendur séu ekki komnir í gjaldþrotameðferð.

Afskriftir á kröfum ríkissjóðs hafa verið töluverðar á undanförunum árum eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti.

Ríkisreikningur A-hluti 2000 – Skýringar

Í millj. kr.	2000	1999	1998	1997	1996
Beinar afskriftir					
Tekju- og eignarskattar.....	669	924	1.167	1.123	967
Virðisaukaskattur.....	690	1.757	1.006	963	747
Aðrar skatttekjur.....	39	153	109	200	199
Dráttarvextir.....	1.070	3.200	2.261	2.246	1.633
Aðrar rekstrartekjur.....	4	147	32	4	3
Beinar afskriftir samtals.....	2.472	6.180	4.575	4.536	3.550
Óbeinar afskriftir					
Tekju- og eignarskattar.....	2.142	-330	-160	144	-62
Virðisaukaskattur.....	4.686	-120	97	-92	27
Aðrar skatttekjur.....	292	-17	41	-146	15
Dráttarvextir.....	1.762	-1.104	233	31	269
Aðrar rekstrartekjur.....	-4	-67	-29	58	17
Óbeinar afskriftir samtals.....	8.878	-1.638	181	-5	265
Afskriftir ríkissjóðstekna samtals.....	11.350	4.542	4.757	4.531	3.815
Hlutfall af almennum tekjum ríkissjóðs %.....	5,1	2,1	2,6	3,3	3,0

Þegar ofangreindar fjárhæðir eru skoðaðar þarf að hafa í huga að í bókhaldi ríkisins eru allar skattkröfur bókfærðar óháð því hvort þær eru lagðar á samkvæmt skattframtali gjaldandans eða áætlun skattstjóra. Í þessari aðferð felst ákveðin hætta á ofmati tekna hjá ríkissjóði því að samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ber skattstjórum að áætla á gjaldendur, sem ekki skila framtali, tekjur og eignir svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru.

Fjármagnstekjuskattur. Þrátt fyrir að ríkissjóður sé undanþeginn almennri skattskyldu er honum gert að greiða skatt á fjármagnstekjur. Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur nam 533 millj. kr. á

árinu 2000 en var 1.452 millj. kr. á árinu 1999. Lækkun á milli ára skýrist af því að á árinu 1999 bar ríkissjóður töliverðan skatt af söluhagnaði af hlutabréfum á því ári.

Annað. Gjöld þessa málaflokks námu 1% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 517 millj. kr. og hækkuðu um 348 millj. kr. frá árinu 1999. Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar var 136 millj. kr. og lækkaði um 5 millj. kr. á milli ára. Til aðstoðar vegna snjóflóðs í Súðavík fóru 54 millj. kr. á árinu 2000 samanborið við 13 millj. kr. á árinu 1999. Nýr liður undir þessum málaflokki er aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi, en framlög vegna þess námu 307 millj. kr. á árinu 2000.

31. Gjöld samgönguráðuneytis

Gjöld samgönguráðuneytis námu 13.315 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 1.407 millj. kr. eða 11,8% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 5,8% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 6,0% árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld

námu 17,0%, rekstrartilfærslur 5,7%, viðhaldskostnaður 31,2%, stofnkostnaður 39,6% og fjármagnstilfærslur 6,5%

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld samgönguráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Landsamgöngur.....	9.238	8.619	619	7,2	9.468
Sjó- og vatnasamgöngur	639	980	-341	-34,8	1.253
Loftsamgöngur.....	1.955	1.483	473	31,9	1.870
Önnur samgöngumál	1.074	415	659	158,8	1.212
Annað.....	409	412	-3	-0,8	484
Gjöld samtals.....	13.315	11.908	1.407	11,8	14.287
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	3.022	2.246	776	34,6	3.550
Rekstrargjöld	2.264	1.838	426	23,2	2.694
Rekstrartilfærslur.....	758	408	350	85,8	856
Viðhaldskostnaður	4.151	3.754	396	10,6	3.750
Fjárfesting	6.142	5.908	234	4,0	6.987
Stofnkostnaður	5.272	4.428	844	19,1	6.083
Fjármagnstilfærslur	870	1.479	-610	-41,2	905
Gjöld samtals.....	13.315	11.908	1.407	11,8	14.287
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	5,8	6,0	.	.	6,1

Landsamgöngur. Gjöld til þessa málaflökks námu rúmlega 69% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflökk fellur Vegagerðin. Gjöld *Vegagerðarinnar* voru 9.238 millj. kr. og hækkuðu um 619 millj. kr. á milli ára. Kostnaður við viðhald var 4.151 millj. kr og hækkaði um 396 millj. kr. frá árinu 1999. Unnið var við nýframkvæmdir fyrir 4.047 millj. kr. og jukust þær um 335 millj. kr. milli ára..

Sjó- og vatnasamgöngur. Gjöld til þessa málaflökks námu 5% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Gjöldin námu 639 millj. kr. og lækkuðu um 341 millj. kr. á milli ára. Undir þennan málaflökk falla Siglingamálastofnun Íslands, yfirtaka á ferju-skipum og framlag til Hafnabótasjóðs vegna sérstaks vörugjalds. Gjöld *Siglingastofnunar Íslands*

voru 445 millj. kr. og lækkuðu um 347 millj. kr. frá árinu 1999. Lækkun á milli ára má rekja til lækkunar á skuldbindingum vegna hafnaframkvæmda. Framlag til *Hafnabótasjóðs* vegna sérstaks vörugjalds var 195 millj. kr. og hækkaði um 15 millj. kr. frá fyrra ári.

Loftsamgöngur. Gjöld til þessa málaflökks námu 15% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 1.955 millj. kr. og hækkuðu um 472 millj. kr. á milli ára. Stærsti liðurinn undir þessum málaflökki er *Flugmálastjórn*. Gjöldin námu 1.857 millj. kr. og hækkuðu um 464 millj. kr. milli ára. Gjöld vegna framkvæmda við flugvelli voru 887 millj. kr., hækkuðu um 409 millj. kr. frá árinu 1999. Hækkunina má rekja til framkvæmda við endurnýjun flugbrauta á Reykjavíkflugvelli.

Önnur samgöngumál. Gjöld þessa málaflokks námu 8% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 1.074 millj. kr. og hækkuðu um 659 millj. kr. á milli ára. Undir þennan málaflökk falla aðalskrifstofa samgönguráðuneytisins, Póst- og fjarskiptastofnun og hluti af ýmsum verkefnum ráðuneytisins. Gjöld *Póst- og fjarskiptastofnunar* námu 288 millj. kr. og hækkuðu um 192 millj. kr. frá árinu 1999. Hækkun má einkum rekja til reksturs á strandarstöðvum, sem stofnunin tók við á árinu, en gjöld vegna þeirra námu 163 millj. kr. á árinu 2000. Gerður hefur verið skammtímasamningur til

þriggja ára um að Landssíminn annist reksturinn en eftir það er ráðgert að bjóða þjónustuna út.

Annað. Gjöld þessa málaflokks námu 3% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000 eða 409 millj. kr. og lækkuðu um 3 millj. kr. á milli ára. Helstu liðir undir þessum málaflökki eru Ferðamálaráð Íslands og hluti af ýmsum verkefnum ráðuneytisins. Gjöld *Ferðamálaráðs Íslands* voru 200 millj. kr. og hækkuðu um 46 millj. kr. milli ára. Þar vegur þyngst 22 millj. kr. hækkun á framlögum til fjöl-sóttu ferðamannastaða.

32. Gjöld iðnaðarráðuneytis

Gjöld iðnaðarráðuneytis námu 2.631 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 778 millj. kr. eða 42,0% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,1% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 0,9% árið 1999. Gjöld ráðu-

neytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 17,7%, rekstrartilfærslur 67,1%, stofnkostnaður 1,9% og fjármagnstilfærslur 13,3%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld iðnaðarráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Orkumál.....	1.284	1.074	210	19,6	1.419
Iðnaðarstarfsemi	587	650	-63	-9,7	616
Önnur atvinnumál.....	612	-	612	.	612
Annað.....	147	129	19	14,6	332
Gjöld samtals.....	2.631	1.853	778	42,0	2.979
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	2.230	1.749	481	27,5	2.642
Rekstrargjöld	465	483	-18	-3,8	861
Rekstrartilfærslur.....	1.765	1.266	499	39,4	1.781
Viðhaldskostnaður	-	-	-	.	-
Fjárfesting	401	104	297	...	337
Stofnkostnaður	51	51	-1	-1,1	-13
Fjármagnstilfærslur	350	52	298	...	350
Gjöld samtals.....	2.631	1.853	778	42,0	2.979
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	1,1	0,9	.	.	1,3

Orkumál. Gjöld til þessa málaflokks námu 49% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla Orkustofnun, Orkusjóður og ýmis orkumál. Gjöldin voru 1.284 millj. kr. á árinu 2000 og er það 210 millj. kr. hærri fjárhæð en árið á undan. Hækkun á milli ára nam 19,6%. Gjöld *Orkustofnunar* hækkuðu úr 175 millj. kr. í 246 millj. kr. eða um 71 millj. kr. milli ára. Framlag til *Orkusjóðs* nam 83 millj. kr. og hækkaði um 6 millj. kr. milli ára. Til *ýmissa orkumála* var varið 955 millj. kr. og hækkaði liðurinn um 133 millj. kr. milli ára. Breytinguna má að mestu rekja til hækkunar á framlögum til niðurgreiðslna á rafhitun, sem nemur 207 millj. kr. eða úr 599 millj. kr. á árinu 1999 í 766 millj. kr. á árinu 2000. Framlög til styrkinga á dreifikerfi lækkuðu um 69 millj. kr. á milli ára og framlög til stuðnings við lagningu á nýjum hitaveitum á köldum svæðum lækkuðu um 31 millj. kr. á milli ára. Jafnframt bættist við nýtt þróunarverkefni, sem nemur 30 millj. kr.

Iðnaðarstarfsemi. Gjöld til þessa málaflokks námu 22% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla aðalskrifstofa iðnaðarráðuneytisins, Iðntæknistofnun Íslands, iðnaðarrannsóknir og stóriðja, Samtök iðnaðarins og Iðja

og iðnaður. Gjöldin námu 587 millj. kr. og lækkuðu um 63 millj. kr. á milli ára. Liðurinn *Iðja og iðnaður* lækkaði úr 216 millj. kr. í 175 millj. kr. eða um 41 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Iðntæknistofnunar* lækkuðu um 41 millj. kr. eða úr 132 millj. kr. í 91 millj. kr.

Önnur atvinnumál. Þetta er nýr málaflokkur undir iðnaðarráðuneytinu. Gjöld til þessa málaflokks námu 23% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk fellur *Byggðastofnun*. Flytjast fjárveitingar til Byggðastofnunar til iðnaðarráðuneytis frá forsætisráðuneyti í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Gjöldin námu 612 millj. kr. fyrir árið 2000, hækkuðu um 50 millj. kr. frá árinu 1999, þá undir forsætisráðuneyti.

Annað. Gjöld til þessa málaflokks námu 6% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins og Einkaleyfastofan. Gjöldin námu 147 millj. kr. og hækkuðu um 19 millj. kr. á milli ára eða um 14,6%. Gjöld *Einkaleyfastofunnar* voru 80 millj. kr., hækkuðu um 15 millj. kr. á milli ára.

33. Gjöld viðskiptaráðuneytis

Gjöld viðskiptaráðuneytis námu 1.404 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 126 millj. kr. eða 9,9% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 0,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 eins og árið 1999. Gjöld ráðuneytisins skipt-

ust þannig að rekstrargjöld námu 46,8%, rekstrar- tilfærslur 49,4% og stofnkostnaður 3,8%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld viðskiptaráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikn- ingur 2000	Reikn- ingur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.....	688	576	112	19,5	767
Annað.....	716	702	14	2,0	716
Gjöld samtals.....	1.404	1.278	126	9,9	1.483
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	1.351	1.275	76	6,0	1.460
Rekstrargjöld.....	657	524	134	25,5	755
Rekstrartilfærslur.....	694	751	-57	-7,6	705
Viðhaldskostnaður.....	-	-	-	.	-
Fjárfesting.....	53	3	50	1.513,5	23
Stofnkostnaður.....	53	3	50	1.513,5	23
Fjármagnstilfærslur.....	-	-	-	.	-
Gjöld samtals.....	1.404	1.278	126	9,9	1.483
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs.....	0,6	0,6	.	.	0,6

Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins. Gjöld til þessa málaflokks námu 49% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Helstu stofnanir undir þessum málaflokki eru aðalskrifstofa viðskiptaráðuneytis, Löggildingarstofa, Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun. Gjöldin námu 688 millj. kr og hækkuðu um 112 millj. kr. á milli ára. Hækkun á milli ára nam 19,5%. Gjöld *Fjármálaeftirlitsins* voru 179 millj. kr., hækkun um 15 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Löggildingarstofu* voru 235 millj. kr., hækkun um 77 millj. kr. frá árinu 1999. Aukin gjöld má meðal annars rekja til kostnaðar við nýtt húsnæði stofnunarinnar, bæði rekstrar- og stofnkostnaðar. Gjöld *Samkeppnisstofnunar* námu 121 millj. kr. og hækkuðu um 22 millj. kr. frá árinu 1999.

Annað. Gjöld til þessa málaflokks námu 51% af gjöldum ráðuneytisins á árinu 2000. Undir þennan málaflokk falla Flutningssjóður olúvara, Flutningssjóður sements og Samábyrgðin hf. Gjöldin námu 716 millj. kr. og hækkuðu um 14 millj. kr. á milli ára. Hækkunin nam 2%. *Flutningssjóður olúvara* nam 462 millj. kr. og lækkaði um 83 millj. kr. á milli ára. Gjaldfærsla vegna *Flutningssjóðs sements* var 193 millj. kr. og hækkaði um 36 millj. kr. á milli ára. Þann 31. október 2000 var undirritaður samningur milli viðskiptaráðherra og fjögurra bátaábyrgðarfélaga, þar sem félögin keyptu eignarhlut ríkisins í *Samábyrgðinni hf.* Söluverðið nam 171 millj. kr. Bókfærð eign í fyrirtækinu nam rösklega 232 millj. kr. og er tap vegna sölunnar því um 62 millj. kr. og er það fært til gjalda á árinu 2000

34. Gjöld Hagstofu Íslands

Gjöld Hagstofu Íslands námu 378 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 48 millj. kr. eða 14,5% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 0,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 eins og árið 1999. Gjöldin skiptust þannig að

rekstrargjöld námu 95,4% og stofnkostnaður 4,6%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld Hagstofu Íslands á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Önnur almenn opinber þjónusta	378	330	48	14,5	370
Gjöld samtals.....	378	330	48	14,5	370
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	361	322	39	12,0	357
Rekstrargjöld	361	322	39	12,0	353
Rekstrartilfærslur.....	0	-	0	.	4
Viðhaldskostnaður	-	-	-	.	-
Fjárfesting	17	8	9	-	13
Stofnkostnaður	17	8	9	-	13
Fjármagnstilfærslur	-	-	-	.	-
Gjöld samtals.....	378	330	48	14,5	370
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	0,2	0,2	.	.	0,2

Önnur almenn opinber þjónusta. Gjöld Hagstofu Íslands voru 378 millj. kr. og hækkuðu um 48 millj. kr. frá árinu 1999. Stærsti hluti gjaldanna voru rekstrargjöld eða 95,5% af gjöldum ráðuneytisins. Hækkun rekstrargjalda nam 12% milli ára. Hækkunina má meðal annars rekja til kostnaðar sem er til kominn vegna gerðar nýs tölvukerfis

þjóðskrár og fyrirtækjaskrár og breytinga eldri kerfa. Einnig hefur verið unnið að þróun og endurbótum á gerð nýs kjörskrárkerfis. Þá skilaði ráðgerð hagræðing af rekstri nýs kerfis sér ekki fyrr en á seinni hluta ársins. Loks hafa tekjur Hagstofunnar af afnota- og vinnslugjöldum þjóðskrár dregist saman.

35. Gjöld umhverfisráðuneytis

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 2.842 millj. kr. á árinu 2000 og hækkuðu um 292 millj. kr. eða 11,4% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000 samanborið við 1,3% á árinu 1999. Gjöld

ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 52,5%, rekstrartilfærslur 28,0%, stofnkostnaður 3,4% og fjármagnstilfærslur 16,0%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umhverfisráðuneytisins á árinu 2000 samanborið við árið 1999.

Í millj. kr.	Reikningur 2000	Reikningur 1999	Frávik fjárhæð	%	Fjárheimild/ Frv. til loka- fjárlaga 2000
Málefnaflokkar útgjalda					
Húsnæðis- og skipulagsmál	944	826	118	14,2	983
Hreinsunarmál	671	569	102	17,8	762
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.....	419	368	51	13,9	377
Opinber þjónusta	809	787	22	2,8	1.499
Gjöld samtals.....	2.842	2.550	292	11,4	3.622
Viðfangsefnaflokkun útgjalda					
Rekstrarkostnaður.....	2.287	1.988	299	15,1	2.534
Rekstrargjöld	1.491	1.309	182	13,9	1.642
Rekstrartilfærslur.....	796	679	117	17,3	892
Viðhaldskostnaður	1	2	0	-20,3	17
Fjárfesting	553	561	-7	-1,3	1.071
Stofnkostnaður	98	131	-33	-25,1	46
Fjármagnstilfærslur	455	430	26	5,9	1.024
Gjöld samtals.....	2.842	2.550	292	11,4	3.622
Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs	1,2	1,3	.	.	1,6

Húsnæði og skipulagsmál. Gjöld þessa málaflokks námu alls 944 millj. kr. eða 33% af heildargjöldum ráðuneytisins. Hækkun milli ára nam 118 millj. kr. eða 14,2%. Helstu liðir undir þessum málaflokki eru aðalskrifstofa umhverfisráðuneytis, Skipulagsstofnun, Landmælingar Íslands, stofnanir vegna náttúruverndar og styrkir vegna fráveitna. Gjöld *aðalskrifstofu ráðuneytisins* voru 177 millj. kr. og hækkuðu um 36 millj. kr. á milli ára. Gjöld *Landmælinga Íslands* voru 153 millj. kr., hækkuðu um 38 millj. kr. Gjöld *Náttúruverndar ríkisins* voru 94 millj. kr., lækkuðu um 8 millj. kr. *Styrkir til fráveitna sveitarfélaga* námu 103 millj. kr. og lækkuðu um 6 millj. kr. Í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 28. júní var sótt um aukafjárheimild vegna *Vistmenningarmiðstöðvar á Sólheimum í Grímsnesi*, að fjárhæð 25 millj. kr. Sólheimar munu bera ábyrgð á byggingu og rekstri

hússins en umhverfisráðuneytið mun vera til ráðgjafar um faglegar áherslur í rekstri.

